

SHALDOR  
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Fólk  
Fasteignir.is



Gull á CenterHotel Klöpp

2.-4. apríl

Skoðið nánar bls. 8



GREITT FYRIR GULLIÐ Á STAÐNUM!



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

2. apríl 2012

78. tölublað 12. árgangur

Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

\*Samkvæmt vörðslukortinu Capacent Gallup júl. - september 2011



## Stuðlar að heilbrigði

Magnús Scheving hlaut verðlaun fyrir að stuðla að auknu heilbrigði barna.

popp 38

## Fimm stjörnu sýning

Leiksýningin Tengdó segir mikilvæga sögu á fallegan máta að mati gagnrýnanda.

menning 26




## Liverpool í krísu

Líðið tapaði sínum áttunda leik á árinu í gær.

sport 34

## veðrið í dag



BJART eða nokkuð bjart norðan- og vestanlands en lítills háttar snjócoma eða slydda með austur- og suðurströndinni. Fremur kalt í veðri.

VEÐUR 4

# Sjö hundruð sjúklingar bíða eftir aðgerð á augasteinum

Fólk getur vænst þess að bíða í 44 vikur eftir aðgerð á augasteini á Landspítalanum. Forgangsráðað er eftir nauðsyn aðgerða. Fylgst er með biðlistum og stefnt er á að gera þúsund aðgerðir á árinu, segir forstjórinn.

**HEILBRIGÐISMÁL** Biðlistar eftir skurðaðgerðum á augasteinum hafa ekki verið lengri síðan í október 2009. 710 einstaklingar höfðu í febrúar beðið lengur en þrjá mánuði eftir slíkri aðgerð, en á sama tíma í fyrra voru 526 á biðlista. Þetta kemur fram í tölum Landlæknisembættisins um biðlista eftir völdum skurðaðgerðum í febrúar.

Að sögn Björns Zoëga, forstjóra Landspítalans, er óljóst af hverju biðlistinn er svo langur. Áætlaður biðtími eftir aðgerð á augasteini á Landspítalanum er rúmar 44 vikur. Hjá stofnunum Sjónlagi og Lasersjón er biðtíminn frá 14

vikum og upp í 18. Framkvæmdum aðgerðum á augasteinum fækkaði um rúman þriðjung frá árinu 2010 til 2011. Þær voru 2.653 árið 2010 en 1.764 í fyrra. Á öllum sjúkrahúsum og stofum voru færri slíkar aðgerðir gerðar, en mestu munar um lokun skurðstofa á St. Jósefs-spítala. Þar voru 673 aðgerðir framkvæmdar árið 2010.

Fundað var um þessi mál á Landspítalanum í síðustu viku. „Við finnum ekki fyrir miklum þrýstingi vegna þessara biðlista. Venjulega fáum við kvartanir vegna biðlista en í þessu tilviki finnum við eiginlega ekki fyrir þessu. Við getum ekki alveg

1.765 aðgerðir voru framkvæmdar á augasteinum í fyrra, þriðjungi færri en árið á undan.

LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ

útskýrt þetta,“ segir Björn. „Það er stundum svona með læknisfræðilega hluti, eftirspurnin getur verið óendanleg.“

Björn segir hins vegar grannt fylgst með þróuninni. „Við vitum af þessari aukningu. Hún er að

hluta til, en ekki eingöngu, vegna þess að St. Jósefsspítali sameinaðist Landspítalanum. Við ætlum að fylgjast með þessu og sjá hvað verður. Við stefnum að því að gera þúsund svona aðgerðir á þessu ári, sem er töluvert.“

Eins segir Björn mikilvægt að skoða tölur um biðlista með hliðsjón af því eftir hvaða aðgerðum er beðið. „Það er stöðug forgangsröðun í gangi hjá okkur,“ segir hann og áréttar að til dæmis verði að horfa til þess hvort sjúklingar bíði eftir því að fá fjarlægð krabbamein, eða hvort biðin sé eftir einhverju sem auka eigi lífsgæði fólks á efri árunum. - þeb



**GLAÐBEITTUR MED STÖNGINA** Eggert Árni Sigurbjörnsson var verklegur þar sem hann stóð með stöngina úti í Vífilsstaðavatni í gær. Fjöldi manns nýtti sér veðurblíðuna og hélt til veiða við upphaf stangveiðitímabilsins. Veiði var víða allgóð og þótti tímabilið fara ágætlega af stað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Fimmtíu stjórnarfrumvörp voru lögð fram í síðustu viku á Alþingi:

## Hvorki æskilegt né heppilegt

**ALÞINGI** Ríkisstjórnin lagði fram 50 þingmál á Alþingi í síðustu viku. Frestur til að leggja ný mál fram rann út á laugardag. Þann dag komu 25 mál frá stjórninni.

Verklagið hefur nokkuð verið gagnrýnt á Alþingi. Gunnar Helgi Kristinsson stjórnmaðlafræðingur segir þetta hvorki æskilegt né heppilegt verklag. Allir séu sammála um það, en það gangi illa að bæta starfshættina.

„Þetta endurspeglar það að stjórnarráðið er að reyna að gera marga hluti í einu og nær því



GUNNAR HELGI KRISTINSSON

grunað að svona væri gert af ákveðnum klókendum, til að stytta vísitandi þann tíma sem

kannski ekki alveg að vinna hlutina á þeim tíma sem eðlilegt væri. Það er ekki æskilegt að þingið hafi af lítinn tíma til að vinna úr málum.

Stundum hefur mann mál fá til umfjöllunar í þinginu. Í einhverjum tilvikum á það vafalaust við, en ég veit ekki hvort það á við í þessu tilviki.“

Gunnar segir þetta einnig sýna ríkjandi álag í stjórnarráðinu. Menn lendi óviljandi í tímahraki með mál. Meðal mála sem lögð voru fram í síðustu viku má nefna frumvörp um fiskveiðistjórnun, veiðigjald, Ríkisútvarpið, lögreglulög, gjaldreyrismál, heimild til fjármögnunar Vaðlaheiðarganga, útlendinga og rafrænar undirskriftir. - kóp

## Ferskt hráefni allt keypt hér: Kynna fólki eþíópískan mat

**FÓLK** Eþíópíski veitingastaðurinn Mínilik opnaði í Hlíðarsmára í Kópavogi þann 1. mars síðastliðinn. Yirga Mekonnen á og rekur staðinn ásamt eiginkonu sinni, Lemlem Kahssay. Hún annast alla matseld. „Mig langaði alltaf að opna eþíópískan veitingastað og kynna þannig Íslendingum



YIRGA MEKONNEN

landið mitt. Allir þekkja vanda málin sem eru í Eþíópíu, en fáir þekkja söguna og menninguna,“ segir Yirga.

Boðið er upp á hefðbundinn eþíópískan mat þar sem allt ferskt hráefni er keypt hérlandis. Krydd og kaffibaunirnar koma frá Eþíópíu. Brauð kemur í stað hnífapara á staðnum. - trs / sjá síðu 38

## TILBOÐ MÁNAÐARINS

Litla bókasafnið mitt  
- 4 tegundir

50% afsláttur í apríl

Verð nú 795 kr.

Verð áður 1599 kr.



Tilboðið gildir í öllum helstu verslunum landsins

Unga ástin mín

sjá nánar á ungaastin.min.is

ms.is

Ljuffengur  
Paskaostur  
fæst nú í  
verslunum

1 kg stykki





Árni, ert þú nýja dægurflugan hans Bubba?

„Já, hann að minnsta kosti kramdi mig ekki.“

Kvikmyndagerðamaðurinn Árni Sveinsson var fluga á vegg hjá Bubba er hann gerði heimildarmynd um tónlistarmanninn sem kemur út með vorinu.

Fátæk fjölskylda grunuð:

## Kona og tveir drengir myrt

**MEXÍKÓ, AP** Fátæk fjölskylda í smábænum Nacozari, skammt frá landamærum Bandaríkjanna, er grunuð um að hafa myrt tvo tíu ára drengi og eina 55 ára konu.

Morðin eru talin hafa verið liður í fórnarathöfn til Santa Muerte, eða Dauðans, goðsagna-veru sem náð hefur vaxandi vinsældum meðal fátækra íbúa í Mexíkó og í Bandaríkjunum.

Nágrannar fjölskyldunnar eru miður sín. Engan grunaði að fjölskyldan væri gengin í þennan sértrúarsöfnuð.

Lík drengjanna og konunnar fundust grafinn skammt frá hreysum sem fjölskyldan hefur búið í.

- gb

Tillaga frá allsherjarnefnd:

## Aðgerðir gegn glæpastarfsemi

**ALÞINGI** Allsherjar- og menntamálanefnd hefur lagt fram tillögu til þingsályktunar um að innanríkisráðherra verði falið að undirbúa heildstæða aðgerðar-áætlun gegn skipulagðri glæpastarfsemi.



**BJÖRGVIN G. SIGURÐSSON**

Björgvin G. Sigurðsson er formaður nefndarinnar. Tillagan gerir ráð fyrir að ráðherra stofni til samvinnu við hlutaðeigandi ráðuneyti og stofnanir, auk nefndarinnar sjálfar.

Pá er lagt til að fjármálaráðherra tryggji að í frumvarpi til fjárukalaga yfirstandandi árs verði gert ráð fyrir 50 milljónum króna fyrir fjárveitingu til starfa rannsóknar- og aðgerðarteymis lögreglu.

- kóp

## Fáðu lánuð heyrnartæki og finndu muninn



ÓKEYPIS HEYRNAR-MÆLING!

**HEYRNARSTÖÐIN**

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

Tugir mótmælenda voru handteknir í Moskvu í gær:

## Rauða torginu í Moskvu lokað

**RÚSSLAND, AP** Lögreglan í Rússlandi handtók í gær 55 mótmælendur, sem höfðu komið saman fyrir utan hlið Rauða torgsins í Moskvu til að mótmæla Vladimir Pútín og ríkisstjórn landsins.

Rauða torginu var aldrei þessu vant lokað til þess að koma í veg fyrir mótmælin, þannig að ferðamenn komust ekki inn á torgið frekar en aðrir.

Um það bil 300 mótmælendur gripu þá til þess ráðs að koma saman fyrir utan hliðin og hófu á loft skilti með áletrunum á borð



**MÓTMÆLANDI HANDTEKINN** Lögreglan tók 55 manns höndum. NORDICPHOTOS/AFP

við „Þetta er okkar borg“, „Rússland fær frelsi“ og „Rússland án Pútíns“.

Sumir mótmælenda kröfðust þess að fá að fara inn á Rauða torgið en lögreglan smalaði þeim saman og skipaði þeim að fara í farþegavagna, sem biðu þess að flytja fólk burt.

Lítið hefur verið um mótmæli gegn Pútín síðan hann vann sigur í forsetakosningum í byrjun mars, en tugir þúsunda höfðu efnt til mótmæla gegn honum eftir þingkosningarnar, sem haldnar voru í desember.

Hætt komnir við Rússland:

## Veðimönnum bjargað af ís

**RÚSSLAND, AP** Bjarga þurfti 675 veðimönnum af ísflaka, sem rak á haf út frá Sakalín-eyju í gær. Um helmingurinn komst af ísnum með þryllum en hinir með bátum.

Alengt er að bjarga þurfi veðimönnum af ís á reki á þessum slóðum, austast í Rússlandi, sérstaklega á vorin þegar ísa tekur að leysa. Afar óvenjulegt er þó að bjarga þurfi svo mörgum í einu. Einn veðimannanna, Vladimir Vasilenko, segir að þeir hefðu betur farið eftir veðurspám og viðvörnum í útvarpi.

- gb

## Hætt við að banna svartadauða í ÁTVR

ÁTVR felldi úr gildi ákvörðun sína um að banna bjórinn Black Death í verslunum sínum eftir að ákvörðunin var kærð til fjármálaráðuneytisins. Bjórinn er væntanlegur í verslanir í næsta mánuði. Eigandinn kveðst sáttur við málalokin.

**VERSLUN** Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) hefur felld úr gildi ákvörðun sína um að selja ekki bjórinn Black Death, eða svartadauða, í verslunum sínum. Ákvörðunin hafði verið kærð til fjármálaráðuneytisins. Bjórinn er væntanlegur í verslanir ÁTVR í byrjun maí að sögn Valgeirs T. Sigurðssonar, eiganda vörumerkisins Black Death.

ÁTVR hafnaði því upphaflega að taka bjórinn í sölu vegna slagorðsins Drink in Peace, eða drekkið í friði, sem stendur á flöskunum. Ákvörðunin var byggð á því að á umbúðum áfengis megi einungis vera skilaboð sem tengist vörinni, gerð hennar eða eiginleikum. Þá má hafna vöru sem inniheldur gildishlaðnar eða ómál-efnalegar upplýsingar, að því er fram kemur í kærubréfi til fjármálaráðuneytisins vegna málsins. Áður en frestur ÁTVR til að skila greinargerð til ráðuneytisins rann út var ákvörðunin felld niður. Ekki voru talin nægileg rök fyrir höfnuninni, að sögn Valgeirs, sem var tilkynnt um ákvörðunina með bréfi.

Valgeir er ánægður með þessa niðurstöðu. „Þessi hindrun er úr veginum. Bjórinn má koma í verslanir frá og með deginum í dag [sunnudag] en það þarf náttúrulega að framleiða og gera hlutina klára. Hann fer því líklega ekki í búðir fyrr en í byrjun maí,“ segir hann. „Ég var búinn að segja að frekar

### „Drink in peace“ þótti ekki smekklegt



Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (ÁTVR) vildi ekki slagorðið „drekkið í friði“ í búðir sínar, en hefur nú skipt um skoðun. Bjórinn með áletruninni umdeildur mun væntanlegur í hillur ÁTVR í næsta mánuði.

vildi ég vera utan við þessar búðir en breyta miðanum á flöskunni. Mér finnst svo rosalega mikið út í hött að það skuli einhver maður eða kona út í bæ vera að ala mann upp, þessi rosalega forsjárhyggja.“ Bjórinn Black Death Beer hefur

verið framleiddur frá árinu 1989 og seldur víða erlendis, auk þess sem hann hefur verið seldur í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Valgeir hefur átt vörumerkið Black Death frá árinu 1978.

thorunn@frettabladid.is



**KOMIÐ TIL HAFNAR** Farþegum í Azamara Quest létti mjög þegar skipið lagðist að bryggju. NORDICPHOTOS/AFP

Eldur í skemmtiferðaskipi:

## Rak stjórnlaust í sólarhring

**MALASÍA, AP** Skemmtiferðaskipið Azamara Quest komst til hafnar í Malasíu í gær meira en sólarhring eftir að eldur kom upp í vélarými.

Eldurinn kom upp á föstudagskvöld og rak skipið stjórnlaust um hafið í sólarhring með þúsund manns um borð. Fimm manns úr áhöfninni slösuðust.

Þetta er þriðja óhappið sem kemur fyrir stórt skemmtiferðaskip á þessu ári. Fyrst strandaði skemmtiferðaskipið Costa Concordia við strönd Ítalíu í janúar. Síðan kom upp eldur í skipinu Costa Allegra á Inlandshafi í febrúar og rak það skip stjórnlaust í þrjá sólarhringa.

- gb

Japanir endurmeta hættu:

## Flóðahættan var vanmetin

**JAPAN, AP** Allt að 34 metra há flóðbylgja gæti kaffært byggðir nánast hvar sem er á austurströnd Japans, komi þar annar skjálfti upp á níu stig skammt út af ströndinni.

Þetta fullyrðir sérfræðingane-fnd sem fékk það verkefni að endurmeta flóðahættuna. Áður var talið að flóðbylgjur gætu vart orðið hærrí en 20 metrar.

Risaflóðbylgjan sem reið yfir í kjölfar skjálftans mikla á síðasta ári var 14 metra há þar sem hún varð hæst.

- gb

Sveitin RetRoBot vann Músíktílaunir sem haldnar voru í Austurbæ um helgina:

## Bjuggumst alls ekki við þessu

**TÓNLIST** Úrslitakvöld Músíktílauna fór fram í Austurbæ á laugardagskvöldið þar sem 10 hljóm-sveitir komu fram. Sunnlenska sveitin RetRoBot bar sigur úr bítum en hana skipa Daði Freyr Pétursson, Gunnlaugur Bjarnason, Kristján Pálmi Ásmundsson og Guðmundur Einar Vilbergsson.

„Við bara fríkuðum út því við bjuggumst alls ekki við þessu,“ segir Daði Freyr. Kapparnir eru allir 19 ára gamlir og skólabræður úr Fjölbautaskóla Suðurlands á Selfossi (FSu).

Daði Freyr skilgreinir tónlist sveitarinnar sem elektrónískt indí-rokk en hann var einnig valinn Rafheili Músíktílauna. Daði Freyr byrjaði sjálfur að spila síðasta sumar en sveitin var svo stofnuð í janúar. Þetta er í þrjúgasta sinn sem Músíktílaunir fara fram en sigurvegarar í gegnum tíðina hafa átt góðu gengi að fagna. Sem dæmi má nefna sveitina Of Monsters and Men sem skrifuðu undir samning við bandarísku útgáfuna Universal í fyrra en þau sigruðu árið 2010. „Við stefnum líka á heimsyfirráð, ekki spurning. Við höfum fengið góð viðbrögð og ætlum að vera duglegir að koma fram í nánustu framtíð.“

- áþ



**SIGURVEGARARNIR** Rafveitin RetRoBot vann Músíktílaunir 2012. Sveitin er skipuð nemendum úr FSu.

MYND/ÁRNY FJÓLA ÁSMUNDSDÓTTIR



# Oft tala tveir þótt einn hringi!



500 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
þessum farsíma!

HTC Explorer

**29.990 kr. stgr.**

500 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

2.790 kr. á mán. í 12 mán.

500 kr. notkun  
á mán. í 6 mán. fylgir  
þessum farsíma!



LG Optimus L3

**24.990 kr. stgr.**

500 kr. notkun á mán.  
í 6 mán. fylgir!

2.290 kr. á mán. í 12 mán.



1.000 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
þessum farsíma!

HTC Wildfire S

**39.990 kr. stgr.**

1.000 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

3.690 kr. á mán. í 12 mán.



500 kr. notkun  
á mán. í 12 mán. fylgir  
þessum farsíma!

Samsung Galaxy Y

**24.990 kr. stgr.**

500 kr. notkun á mán.  
í 12 mán. fylgir!

2.290 kr. á mán. í 12 mán.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter



GJALDMÍDLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	126,17 126,77
Sterlingspund	201,97 202,95
Evra	168,26 169,20
Dönsk króna	22,615 22,747
Norsk króna	22,133 22,263
Sænsk króna	19,041 19,153
Japanskt jen	1,5363 1,5453

SDR 195,38 196,54

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
230,4448

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



HANDTÖKUR Lögreglan stöðvaði mótmæli. NORDICPHOTOS/AFP

## Tvö hundruð handtekin: Mótmæli gegn NATO í Belgíu

**BELGÍA, AP** Lögreglan í Belgíu handtók í gær um það bil 200 manns sem efndu til mótmæla við höfuðstöðvar Atlantshafsbandalagsins í Belgíu.

Fólkið mætti á staðinn til að krefjast kjarnorkuafvopnunar og brotthvarfs herliðs allra aðildarríkja NATO frá Afganistan.

Mótmælendurnir reyndu að komast inn fyrir girðinguna, sem er í kringum um höfuðstöðvarnar, en þeim tókst það ekki.

Lögreglumenn þurftu að elta marga mótmælendurna góðan spól áður en þeim tókst að handtaka þá.

- gb

## Fjármögnun Vaðlaheiðarganga: Heimild til 8,7 milljarða láns

**ALÞINGI** Fjármálaráðherra lagði á laugardag fram frumvarp um heimild til handa ráðherra til að fjármagna jarðgöng undir Vaðlaheiði. Verði það að veruleika fær ráðherra heimild til að undirrita lánsáttálag um allt að 8,7 milljarða króna við Vaðlaheiðargöng ehf.

Tryggingar fyrir láninu eru félagið sjálft, eignir þess og tekjustreymi. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með göngunum kæmst Akureyri og Húsavík nálægt því að mynda eitt atvinnu- og búsvæði.

- kóp

# Umhverfisátakið Grænn apríl hófst í gær, sunnudaginn fyrsta apríl, með því að Kringlan fékk viðurkenningu: Kringlan flokkar 38 prósent af sínu sorpi

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisátakið Grænn apríl er hafið en þar er lögð áhersla á að kynna og bjóða upp á upplýsingar um þekkingu, vöru og þjónustu sem telst vera græn og umhverfisvæn.

Í upphafi átaksins í gær tók verslunarmiðstöðin Kringlan á móti viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í flokkun á sorpi frá Íslenska Gámafélaginu.

Kringlan er fyrsta stóra verslunarmiðstöð landsins sem býður upp á flokkunartunnur á göngunum. Sigurjón Örn Þórsson, framkvæmdastjóri Kringlunnar, var að vonum ánægður með viðurkenninguna en þrjú ár eru síðan verslunarmiðstöðin hóf að flokka sitt sorp.

Kringlan hefur nú sparað sér milljónir í sorpgjöld og með endurvinnslu bylgjupappa hafa um 5,500 tré sparast frá upphafi flokkunar.

„Nú flokkum við 38 prósent af okkar sorpi og á síðasta ári spóruðum við um 2,5 milljónir í urðunargjöld,“ segir Sigurjón en Kringlan stefnir á að ná að flokka helming af sorpi sínu á næstu þremur árum.

„Þetta er hægfara þróun en spurning um samfélagslega ábyrgð. Þetta er samvinnuverkefni allra héra og viðurkenningin mikil hvatning,“ segir Sigurjón. Hægt er kynna sér átakið á vefsíðunni [graennaprill.is](http://graennaprill.is).

- ap



UMHVERFISVÆNN MÁNUDUR Kringlan sparar um 2,5 milljónir í sorpgjöld með því að flokka sorpið en þau flokka um 38 prósent af því sem til fellur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Suu Kyi sögð komin á þing

Helsti flokkur stjórnarandstöðunnar í Búrma lýsti yfir sigri í aukakosningum í gær og fullyrti að Aung San Suu Kyi væri þar með komin á þing. Herforingjastjórnin sökuð um kosningasvik og óvíst um staðfestingu.

**BÚRMA, AP** Staðfesti herforingjastjórnin í Búrma sigur Aung San Suu Kyi í aukakosningum í Kawhmu, þá tekur hún von bráðar sæti á þingi í fyrsta sinn.

Flokkur hennar, Lýðræðisfylkingin, fullyrðir að fram- bjóðendur flokksins hafi unnið sigur í 40 kjördæmum af þeim 45 sem kosið var í. Lýðræðisfylkingin bauð fram í 44 þeirra.

Mikill fögnuður braust út meðal stuðningsmanna flokksins og Suu Kyi víða um land. Yfirlýsing flokksins um sigur í hverju kjördæminu á fætur öðrum var birt á ljósaskilti fyrir utan höfuðstöðvar hans í borginni Rangún. Þúsundir stuðningsmanna flokksins voru saman komnir fyrir utan húsið og tóku strax að hrópa sigri hrósandi: „Við unnum, við unnum!“

Ekki er búist við opinberum niðurstöðum úr atkvæðatalningu fyrr en í dag. Yfirlýsingar Lýðræðisfylkingarinnar eru byggðar á útgönguspám, sem flokkurinn lét gera. Engin óháð samtök hafa getað staðfest þessa niðurstöðu.

Suu Kyi, sem er orðin 66 ára, hefur verið höfð í stofufangelsi meira og minna undanfarna tvo áratugi en var látin laus síðla árs 2010,

þegar herforingjastjórnin var tekin til við að slaka á valdataumunum.

Lýðræðisfylkingin vann yfirburðasigur í þingkosningum árið 1990 en herforingjastjórnin neitaði þá að viðurkenna úrslit þeirra kosninga.

Síðan herforinginn Thein Sein tók við forsetaembætti í landinu snemma á síðasta ári hafa nokkrar lýðræðisumbætur orðið. Flestum pólitískum föngum hefur verið sleppt úr haldi og ritskoðun á fjölmiðlum hefur að stórum hluta verið aflétt.

Jafnframt hefur einangrun landsins verið rofin. Samskiptin við Vesturlönd hafa batnað og jafnvel Bandaríkin hafa gefið vilyrði um aðstoð, haldi þessi þróun í lýðræðisátt áfram.

Lýðræðisfylkingin hefur á hinn bóginn sakað herforingjastjórnina um að hafa staðið að margs konar kosningasvindli í gær. Tugir kæra höfðu borist til yfirkjörstjórnar landsins. Meðal annars eru þar ásakanir um að kjörseðlar hefðu verið vaxbornir, sem gerði kjósendum erfitt fyrir að merkja við fram- bjóðendur með þeim afleiðingum að kjörseðlarnir geta verið taldir ógildir.

gudsteinn@frettabladid.is



FÖGNUMUR Í BÚRMA Stuðningsmenn Aung San Suu Kyi eftir að flokkur hennar hafði lýst yfir sigri. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Búrma þokast í lýðræðisátt

**7. nóvember 2010:** Herforingjastjórnin efnir til þingkosninga, þeirra fyrstu síðan 1990.

**13. nóvember 2010:** Suu Kyi leyst úr stofufangelsi.

**4. febrúar 2011:** Nýkjörið þing kys Thein Sein í forsetaembættið.

**30. mars 2011:** Thein Sein tekur við forsetaembætti.

**17. maí 2011:** Meira en 14 þúsund fangar fá sakaruppgjöf. Einungis fáir þeirra voru þó úr hópi hinna 2.000 pólitísku fanga, sem þá voru í haldi.

**11. ágúst 2011:** Suu Kyi skorar á stjórnina að hætta við áform um Myitsone-stífluna, sem Kínverjar hugðust fjármagna.

**14. ágúst 2011:** Suu Kyi lætur reyna á þórlíf herforingjastjórnarinnar með því að halda í fundarferð um landið, sem henni hafði áður verið bannað.

**19. ágúst 2011:** Suu Kyi á fund með Thein Sein forseta og segist ánægð með viðræður þeirra.

**15. september 2011:** Hömlum létt af fjölmiðlum og bannaðar vefsíður opnaðar.

**30. september 2011:** Thein Sein lýsir yfir að hætt sé við áform um Myitsone-stífluna.

**11. október 2011:** Thein Sein undirritar lög, sem heimila starfsemi verkályðsfélaga og leyfa verkföll, en með takmörkunum þó.

**22. nóvember 2011:** Thein Sein undirritar lög, sem heimila friðsamlega mótmælafundi, en þó með takmörkunum.

**25. nóvember 2011:** Lýðræðisfylking Suu Kyi skráð sem stjórnáflakokkur og boðar þátttöku í aukakosningunum 2012.

**30. nóvember 2011:** Hilary Rodham Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, kemur í heimsókn til Búrma og boðar bætt samskipti.

**4. janúar 2012:** Meira en sex þúsund fangar fá sakaruppgjöf, en aftur voru fáir þeirra úr hópi pólitískra fanga.

**12. janúar 2012:** Stjórnin undirritar friðarsamkomulag við uppreisnarhóp karena, einn fjölmargra þjóðernishópa landsins.

**13. janúar 2012:** Stjórnin sleppir meira en 600 pólitískum föngum úr haldi, þar á meðal sumum helstu andófsmönnum landsins.

**18. janúar 2012:** Suu Kyi skráir framboð sitt til þings í aukakosningum í Kawhmu, fátæku bæjarfélagi skammt suður af höfuðborginni Rangún.

**14. mars 2012:** Suu Kyi flytur stefnuskrá flokks síns í ríkisútvarpi og sjónvarpi.

**1. apríl 2012:** Aukakosningar haldnar í 45 kjördæmum. Koskið er um þingsæti sem losnað hafa síðan í þingkosningunum 2010.




AUNG SAN SUU KYI Leiðtogi stjórnarandstöðunnar á kjörstað í Kawhmu. NORDICPHOTOS/AFP

## VEÐURSPÁ

**Ingibjörg Karlsdóttir**  
veður-  
fréttamaður

**MILDIR PÁSKAR?** Það verður heldur kaldara á landinu í dag en undanfarna daga og lítilsháttar snjókomu eða slydda með austur- og suðurströndinni. Á morgun hlýnar svo aftur og lítur út fyrir suðvestlæggar áttir með mildu veðri og vætu næstu daga, jafnvel fram yfir páska.

Á MORGUN  
Strekkingur sums staðar NV-lands annars hægarí.



MÍÐVIKUDAGUR  
Strekkingur úti fyrir N- og SA-ströndinni annars hægarí.

## HEIMURINN

Alicante	18°
Basel	16°
Berlín	8°
Billund	5°
Frankfurt	14°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	6°
Kaupmannahöfn	6°
Las Palmas	20°
London	13°
Mallorca	19°
New York	12°
Orlando	31°
Ósló	5°
París	16°
San Francisco	17°
Stokkhólmur	2°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



# AFMÆLISTILBOÐ!

RÚMFATALAGERINN VERÐUR **25 ÁRA** Í HAUST OG AF ÞVÍ TILFNI ÆTLUM VIÐ AÐ TAKA FORSKOT Á SÆLUNA OG BJÓÐA LANDSMÖNNUM UPP Á FRÁBÆR AFMÆLISTILBOÐ!

**SPARIÐ 5.000**

Koddi 50 x 70 sm. 2.995

**AFMÆLISTILBOÐ**  
SÆNG FULLT VERÐ: 12.950  
**7.950**  
1987 - 2012



**KRONBORG LUX ANDADÚNSÆNG**  
Gæðasæng fyllt með andadúni og smáfíori. Bómullaráklæði og snúrukantur. Þyngd: 900 gr. Sæng: 135 x 200 sm. Fullt verð: 12.950 nú: 7.950  
Koddi stærð: 50 x 70 sm. Þyngd: 550 gr. 2.995

**44%**

**MÍNA BORDSTOFUSTÓLL**  
Fallegur borðstofustóll með PU áklæði og eikarfótum. Fáanlegur rauður, svartur, hvítur og brúnn.

**AFMÆLISTILBOÐ**  
STÓLL FULLT VERÐ: 8.995  
**4.995**  
1987 - 2012



**37%**

**AFMÆLISTILBOÐ**  
2 SETT ÁÐUR: 7.990  
NÚ AÐEINS: **5.000**  
1987 - 2012



**KRONBORG OF DENMARK**

**SISSY SÆNGURVERASETT**  
Efni: 100% bómullarsatín. Lokað að neðan með tölum. Stærð: 140 x 200 sm. og 50 x 70 sm.

**MYRKVUNARGARDÍNA**

**AFMÆLISTILBOÐ**  
1 VÆNGUR 140 X 175 SM.  
FULLT VERÐ: 3.995  
**2.995**  
1987 - 2012



**SASJA MYRKVUNARGARDÍNUR**  
Frábærar, þykkar og góðar myrkvunargardínur sem halda birtunni úti. Gardínurnar fást í 3 litum: Gráar, kremaðar og svartar. Stærð: 1 x 140 x 175 sm. 1 vængur í pakka.

**30%**

**AFMÆLISTILBOÐ**  
TASKA HÆÐ: 57 SM.  
FULLT VERÐ: 7.995  
**5.995**  
1987 - 2012



**CRUISE FERÐATÖSKUR**  
Góðar, harðar ferðatöskur sem fást í 2 litum: Svörtu og fjólubláu. Töskurnar fást í 3 stærðum:  
Hæð: 57 sm. fullt verð 7.995 nú 5.995  
Hæð: 64 sm. fullt verð 12.950 nú 8.995  
Hæð: 75 sm. fullt verð 14.950 nú 9.995

**50%**

**AFMÆLISTILBOÐ**  
ALLT SETTIÐ  
FULLT VERÐ: 3.995  
**1.995**  
1987 - 2012



**DISNEY MATARSETT**  
Flott matarsett frá DISNEY fyrir yngstu kynslóðina. Fæst með PRINCESS og CARS.

**RÚMFATA LAGERINN**  
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

[www.rumfatalagerinn.is](http://www.rumfatalagerinn.is)



## KJÖRKASSINN



Ert þú hlynnt/ur því að gjald verði tekið upp á einhverjum ferðamannastöðum?

Já 64,5%  
Nei 35,5%

## SPURNING DAGSINS Í DAG

Hljópstu apríl í gær?

Segðu skoðun þína á vísiris

visir

Velferðarráðherra hefur lagt fram frumvarp á Alþingi sem eyðir óvissu:

## Bætir réttarstöðu transfélks

**ALÞINGI** Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra hefur lagt fram frumvarp um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarförum. Frumvarpinu er ætlað að skýra réttarstöðu transfélks hér á landi.

Meðal helstu ákvæða í frumvarpinu er að lagt er til að stofnað verði sérfræðingateymi innan Landsþátalans, sérfræðinefnd um kynáttunarförum verði skipuð og að Þjóðskrá Íslands haldi utan um skráningu kynleiðréttra einstaklinga ásamt nafnabreytingu og útgáfu á nýjum kennitölum.

Frumvarpið byggir á megin-

### Hvað er kynáttunarförum?

Kynáttunarförum er upplifun einstaklings frá unga aldri um að hafa fæðst í líkama af röngu kyni og óskar að tilheyra hinu kyninu. Eitt til tvö slík tilfelli koma upp á hverju ári.

stefnu á því verklagi sem tíðkast nú þegar hér á landi, en með heildstæðum lögum á að skýra stöðuna og eyða réttaróvissu. Réttaróvissa hefur ríkt um réttarstöðu einstaklings eftir að hann hefur hlotið staðfestingu á því að tilheyra gagnstæðu kyni. Sama hefur verið uppi

á teningnum hvað varðar réttarstöðu barna sem eiga foreldri með kynáttunarförum og þá hefur verið óvissa um hvernig bregðast skuli við þeim aðstæðum þegar einstaklingur sem hlotið hefur staðfestingu á að hann tilheyri gagnstæðu kyni vill hverfa aftur til fyrra kyns. - þeb

Rask í Bændahöllinni í dag:  
**Tölvukerfi BÍ**  
lokað um stund

**TÆKNI** Vegna framkvæmda í Bændahöllinni er nauðsynlegt að loka tölvukerfi samtakanna frá klukkan 17 til 20 í dag. Þetta hefur áhrif á notendur forrita og gagnagrunna á vegum Bændasamtaka Íslands (BÍ). Tölvukerfin sem lokunin hefur áhrif á eru eftirfarandi: Baendatorg.is, huppa.is, Lotus Notes, efabis.is, símkerfi og hýsing ásamt fleiri minni kerfum. Notendur eru beðnir velvirðingar á þeim óþægindum sem þetta kann að hafa í för með sér. - áp



**ÖSSUR OG PATRUSHEV** Funduðu um margvísleg mál í stuttri heimsókn Patrushevs til Íslands.

MYND/UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Ræddu málefni norðurslóða:

## Össur fundaði með Patrushev

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra fundaði með Nikolay Patrushev, formanni Þjóðaröryggisráðs Rússlands, á laugardag.

Patrushev var staddur á Íslandi í stuttri heimsókn en hann fór af landi brott síðdegis á laugardag. Á fundinum ræddu þeir Össur um málefni norðurslóða og gott samstarf Íslands og Rússlands, bæði í tvíhliða samstarfi og innan Norðurskautsráðsins. Þá ræddu þeir samskipti Rússlands og Atlantshafsbandalagsins og málefni Miðausturlanda. - þeb

### LANDHELGISGÆSLAN

#### Gripnir við ólöglegar veiðar

Landhelgisgæslan stóð færeyskan línubát að meintum ólöglegum veiðum í íslensku lögsögu suðaustur af landinu í gær. Bátinum var vísað til íslenskrar hafnar þar sem lögregla tók á móti honum. Tekin var skýrsla af skipstjóranum og að því loknu fékk báturinn að fara sína leið.

### LÖGREGLUMÁL

#### Braut rúðu á Hressó

Rúða var brotin á veitingastaðnum Hressó aðfaranótt sunnudags. Maðurinn sem braut rúðuna slóst einnig við dyraverði. Flytja þurfti manninn á slysadeild, en að því loknu var hann vistaður í fangaklefa.

# Hótar málsókn vegna atlögu að lögmönnum

Formaður Lögmannafélagsins segir „fullkomlega fráleitt“ og óviðunandi að hið opinbera ákvarði einhliða laun verjenda í sakamálum, enda séu þeir skyldugir til að sinna starfinu. Hann krefst breytinga, ella komi til álitu að höfða mál.

**STJÓRNISYSLA** „Við erum skyldugir gagnvart lögum að sinna þessu starfi og svo ákveður ríkið þóknunina einhliða. Það er mjög erfitt að sætta sig við það,“ segir Brynjar Níelsson, formaður Lögmannafélags Íslands. Hann krefst þess að hið opinbera leiðrétti kjör lögmanna sem taka að sér verjendastörf í sakamálum, ella komi til greina að fara með málið fyrir dóm.

Brynjar skrifar pistil um málið í nýjasta tölublað Lögmannablaðsins, sem kom út í síðustu viku. Þar segir frá því að ráðherra dómsmála hafi í kjölfar bankahrunsins sett reglugerð um þóknunir til verjenda, sem áður var á könnu Dómsstólaráðs að ákvarða. Með reglugerðinni hafi þóknunin jafnframt verið lækkuð um tíu prósent, niður í tíu þúsund krónur á tímann, sem sé um það bil helmingurinn af hefðbundnu tímakaupi lögmanna.

Brynjar segir „fullkomlega fráleitt“ að ráðherra ákveði einhliða upphæðina á sama tíma og lögmenn séu skyldugir að lögum að verja sakemenn.

„Í hugum margra er hér um hreina aðför að lögmönnum að ræða. Undir það má taka. Það er ólíkandi að þeir lögmenn sem taka að sér vörn í sakamálum, eða önnur réttargæslustörf, þurfi að sætta því að fá ekki greidda eðlilega þóknun fyrir vinnu sína,“ segir í pistlinum.

Brynjar gagnrýnir sömuleiðis þá ákvörðun Dómsstólaráðs að lækka greiðslur til lögmanna í svokölluðum útivistarmálum, það er þegar skjólstæðingur lögmannsins mætir ekki þegar mál er þingfest og því lýkur þá og þar. Sú þóknun



**ÖSÁTTUR** Brynjar, í miðju, hefur mikla reynsly af verjendastörfum. Hann var til dæmis meðal verjenda í Baugsmálinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Það er ólíkandi að þeir lögmenn sem taka að sér vörn í sakamálum, eða önnur réttargæslustörf, þurfi að sætta því að fá ekki greidda eðlilega þóknun fyrir vinnu sína.“

**BRYNJAR NÍELSSON**  
FORMAÐUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS

sé nú tíu þúsund króna eingreiðsla þótt oft liggi mikil vinna að baki fyrir lögmenn. Stundum geti jafnvel borgað sig fyrir skjólstæðinginn, til dæmis í skuldamálum sem liggja nokkuð beint við, að mæta

ekki og sleppa þannig mun betur en ella frá greiðslu málskostnaðar.

Brynjar segir að verði þessi mál ekki færð í eðlilegt horf innan skamms tíma komi til álitu að láta reyna á þau fyrir dómi.

Fréttablaðið falaðist eftir viðbrögðum frá innanríkisráðuneytinu vegna málsins og fékk þau svör frá upplýsinga- fulltrúanum Jóhannesi Tómasyni að borist hefði erindi frá Lögmannafélaginu vegna málsins. „Ráðuneytið hefur erindið til skoðunar til að kanna hvort unnt er að verða við þeirri beiðni. Ekki er hægt að segja á þessari stundu hvenær niðurstaða liggur fyrir en þess er vænst að það geti orðið mjög bráðlega.“ stigur@frettabladid.is

Landsvirkjun á Þeistareykji  
**Greiddu 200 milljónir**

Viðskipti Landsvirkjun keypti hlut Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar og Orkuveitu Húsavíkur í Þeistareykjum ehf. fyrir helgi og fer því með allt hlutafé í félaginu. Orkuveita Húsavíkur átti 3,2 prósent hlut í félaginu en hlutur Atvinnuefingar Þingeyjarsveitar var 0,087 prósent. Landsvirkjun greiddi samanlagt rúmar 200 milljónir fyrir hlutina.

Þeistareykir ehf. hafa frá stofnun félagsins árið 1999 staðið að borunum og rannsóknunum til hagnýtingar á orku úr jörðinni Þeistareykjum í Þingeyjarsveit en þeim hefur miðað vel á síðustu árum.

Þjónustuhlutverk skerpt:  
**Frumvarp um Ríkisútvarpið**

**ALÞINGI** Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, hefur lagt fram frumvarp til laga um Ríkisútvarpið. Er því ætlað að skerpa á almannathjónustuhlutverki stofnunarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu ber Ríkisútvarpinu skylda til að bjóða upp á fjölbreytta dagskrá sem nær til allra landsmanna. Þá ber því að rækja lýðræðishlutverk sitt, sem og menningarlegt hlutverk. Ríkisútvarpinu ber að hafa hlut karla og kvenna sem jafnastan í dagskrá sinni og starfsemi. Þá er því gert að leggja sérstaka rækt við íslenska tungu og kynna sögu þjóðarinnar, menningararfleifið og náttúru.



**KATRÍN JAKOBSDÓTTIR**

- kóp

Ráðstefna „Vina Sýrlands“ var haldin í Istanbul í Tyrklandi í gær:

## Uppreisnarmenn fá stuðning

**SÝRLAND, AP** Fulltrúar um 70 ríkja strengdu þess heit í gær að útvega nokkrar milljónir Bandaríkjadala á mánuði handa uppreisnarmönnum og stjórnarandstæðingum í Sýrlandi. Einnig ætla þeir að útvega þeim samskiptabúnað.

Með þessu hafa Bandaríkin, Vesturlönd og arabaríki ákveðið að blanda sér enn frekar í átökin í Sýrlandi, sem kostað hafa meira en átta þúsund manns lífið undanfarið ár.

Á fundi fulltrúa ríkjanna, sem haldinn var í Istanbul í Tyrklandi í gær, virtist lítil trú ríkja á friðarviðleitni Sameinuðu þjóðanna og Arababandalagsins sem Kofi Annan, fyrrverandi framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, hefur verið fenginn til að hafa forystu um.

„Ef Assad heldur áfram, eins og hann hefur gert, að ná engum árangri við að binda enda á átökin og koma á vopnahléi, að draga hersveitir sínar frá þeim svæðum sem hann hefur herjað á, þá er ólíklegt að hann muni nokkru sinni veita samþykki sitt,“ sagði Hillary Clinton, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, um Bashar al-Assad Sýrlandsforseta, sem hefur beitt hersveitum sínum af mikilli hörku á mótmælendur og uppreisnarmenn í landinu. - gb



**HILLARY CLINTON** Utanríkisráðherra Bandaríkjanna í Tyrklandi í gær á fundi um 70 ríkja til stuðnings uppreisninni í Sýrlandi.

NORDICPHOTOS/AFP

**Voltaren**  
NJÓTUM ÞESS AÐ HREYFA OKKUR

**50% afsláttur**

**Voltaren Dolo 12,5 mg**  
Diclofenac. kal.  
Verkjastillandi – Hitilækkandi  
20 filmhúðaðar töfur

**Apótekarinn+**  
þy á lægra verði





TOYOTA

AÐ MEÐALTALI TEKUR MAÐUR 227 PRÓF FYRIR ÞRÍTUGT.

ALWAYS A  
BETTER WAY



NÝR AVENSIS HEFUR NÁÐ SVO MÖRGUM PRÓFUM  
AÐ HANN ER NÁNAST PRÓFESSOR.

### NÝR AVENSIS - EKKERT VENJULEGUR

Nýr Avensis státar af fágaðri en jafnframt nútímalegri hönnun sem skilar ökumanni og farþegum einstaklega ánægjulegri og hljóðláttri akstursupplifun. Hann er ríkulega búinn staðalbúnaði og er meðal annars með bakkmyndavél, ToyotaTouch-margmiðlunarkerfi og Bluetooth-tengingu.

Avensis er einstaklega rúmgóður, býður upp á mikið farangursrými og er einn sá sparneytnasti í sínum flokki — notar aðeins frá 4,5 lítrum í 100 km í blönduðum akstri. Þá er nýr Avensis búinn sjö loftpúðum auk margvíslegs öryggisbúnaðar sem eykur enn frekar á öryggi þitt og farþega þinna.

Fáðu nánari upplýsingar á [www.toyota.is/avensis](http://www.toyota.is/avensis)

Erum á Facebook - Toyota á Íslandi

Verð frá: 4.420.000 kr.



**Toyota Kópavogi**  
Nýbýlavegi 4  
Kópavogi  
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**  
Baldursnesi 1  
Akureyri  
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**  
Njarðarbraut 19  
Reykjanesbæ  
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**  
Fossnesi 14  
Selfossi  
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgengið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.





1. Hvað vísaði gjaldreyseftirlit Seðlabankans mörgum málum til saksóknara í fyrra?

2. Hvað á að gera við virkjanir í Neðri-Þjórsá samkvæmt þingsályktunartillögu að rammaáætlun?

3. Hvað spáir Hagstofan miklum hagvexti á þessu ári?

SVÖR

1. Töf málum. 2. Setja þær í biðstokk. 3. Þveitna komma sex prósentum.

Uppreisnarsveitir túarega hafa náð borginni Timbúktú á sitt vald í Malí:

## Valdaránsstjórn hersins lofar lýðræði á ný

**MALÍ, AP** Amadou Haya, leiðtogi valdaránsstjórnar hermanna í Malí, hét því í gær að endurreisa stjórnskipan landsins.

Um svipað leyti bárust fréttir af því að uppreisnarsveitir túarega hefðu náð borginni Timbúktú á sitt vald.

„Við lofum því hátíðlega að frá og með deginum í dag verður stjórnarskrá lýðveldisins Malí frá 25. febrúar 1992 endurreist, sem og stofnanir lýðveldisins,“ sagði Sanogo í yfirlýsingu sinni.

Þetta er sama stjórnarskráin sem hermennirnir brutu gegn



**LOFAR ENDURREISN** Amadou Haya Sanogo, leiðtogi herforingjastjórnarinnar í Malí, gefur út yfirlýsingu sína. Á vinstri hlíð hans stendur Djibril Bassole, utanríkisráðherra Búrkina Fasó. NORDICPHOTOS/AFP

þegar þeir tóku völdin þann 21. mars. Ekki er ljóst hvaða þýðingu þessi yfirlýsing hefur nú strax, þar sem herinn er enn við völd. Ekki fylgdi yfirlýsingunni heldur nein tímaáætlun um kosningar eða aðra endurreisn stjórnskipunarinnar.

Malí hafði verið lýðræðisríki í meira en tvo áratugi þegar hermenn í herstöðinni Kati gerðu uppreisn og réðust í beinu framhaldi inn í forsetahöllina og aðrar valdastofnanir, sem eru í næsta nágranni herstöðvarinnar í höfuðborginni Bamako.

Þegar hermennirnir réðust á forsetahöllina fór forsetinn, Amadou Toumani Touré, í felur. Aðeins rúmur mánuður var þá til kosninga, sem halda átti 29. apríl. Touré hefði þá verið búinn að gegna forsetaembættinu í tvö kjörtímabil og var því ekki í kjöri, þar sem forseti getur ekki setið lengur samkvæmt stjórnarskrá.

Ástæða uppreisnarinnar var sögð vera sú, að stjórnvöld hefðu ekki séð til þess að herinn hefði nægilegan vopnastyrk til að ráða niðurlögum uppreisnar túarega.

-gb

## Unnu Gulleggið 2012: Hönnuðu sjálfvirkan lyfjaskammtara

**NÝSKÖPUN** Sprotafyrirtækið RemindMe sigraði í frumkvöðlakeppni Innovit um Gulleggið 2012.

RemindMe er viðskiptahugmynd fimm verkfræðinema á lokaári við Háskóla Íslands og er sjálfvirkur og læsanlegur lyfjaskammtari sem stuðlar að markvissari lyfjameðferð. Að baki RemindMe standa nemarnir Ingunn Guðbrandsdóttir, Hildigunnur Björgulfsdóttir, Ólafur Helgi Guðmundsson, Sveinn Bergsteinn Magnússon og Vaka Valsdóttir.

Teymið vinnur nú að frumgerð lyfjaskammtarans og markaðssetningu erlendis. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn á Háskólatorgi í gær.

-áp



**LEIÐTOGAFUNDUR** Dilma Rousseff Brasilíuforseti, Dmitri Medvedev Rússlandsforseti, Manmohan Singh, forsætisráðherra Indlands, Hu Jintao, forseti Kína, og Jacob Zuma, forseti Suður-Afríku, samþykktu að efla samstarf ríkjanna fimm. NORDICPHOTOS/AFP

Leiðtogar BRICS-ríkja hittust á fundi fyrir helgina:

## Ætla að stofna þróunarbanka

**INDLAND, AP** Leiðtogar Rússlands, Kína, Indlands, Brasilíu og Suður-Afríku ætla að hefja undirbúning að stofnun nýs alþjóðabanka, sem á að auðvelda fátækum ríkjum að fá aðgang að fjármagni.

Robert Zoellick, bankastjóri Alþjóðabankans, fagnar þessum áformum um nýjan þróunarbanka.

„Við hlökkum til að starfa með honum og sjá hvernig við

getum styrkt hvor annan,“ segir Zoellick, sem einnig var staddur á Indlandi þar sem leiðtogafundur BRICS-ríkjanna sva-nefndu var haldinn.

Leiðtogarnir fimm samþykktu yfirlýsingu um nánara samstarf, sem bæði miðar að því að styrkja stöðu þeirra en felur einnig í sér áform um að veita fátækari þróunarríkjum aðstoð og betri aðgang að alþjóðastofnunum.

-gb



**HÚSLEIT Í GANGI** Fyrir helgi gerðu starfsmenn sérstaks saksóknara húsleit í húsa-kynnum Samherja í Reykjavík og á Akureyri. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Til skoðunar að afturkalla veiðiheimild

Innanríkisráðherra telur koma til greina að svipta sjávarútvegsfyrirtæki veiðiheimild, verði þau uppvís að því að brjóta gjaldreyrslög. Samherji liggur undir grun.

**SAMKEPPNISMÁL** Til greina kemur að svipta Samherja veiðileyfi komi í ljós að félagið hafi brotið gjaldreyrslög og gengið með þeim hætti gegn almannahagsmunum. Þetta kom fram í máli Ögmundar Jónasonar innanríkisráðherra í viðtali í sjónvarpsþættinum Silfri Egils í hádeginu í gær.

Gjaldreyseftirlit Seðlabanka Íslands, í samstarfi við sérstakan saksóknara, gerði húsleit í höfuðstöðvum Samherja í Reykjavík og á Akureyri í síðustu viku. Ástæða húsleitarinnar er grunur um brot á gjaldreyrslögum. Auk leitarinnar í höfuðstöðvum fyrirtækisins var leitað í starfsstöðvum annars fyrirtækis sem átt hefur í viðskiptum við Samherja.

Fram kom í máli innanríkisráðherra að ásakanirnar á hendur Samherja gefi tilefni til að setja inn í kvótafrumvarpið sem er í meðförum Alþingis ákvæði um sviptingu veiðileyfa.

Um leið fagnaði Ögmundur því að með kvótafrumvarpinu væru stigin skref í átt að samkomulagi þar sem böndum yrði komið á núverandi fiskveiðistjórnunarkerfi.

Í yfirlýsingu Þorsteins Más Baldvinssonar, forstjóra Samherja, sem hann sendi frá sér fyrir helgi eru aðgerðir Seðlabankans sagðar tilhæfulegar með öllu og taldi hann að þær hlytu að vera byggðar á röngum upplýsingum eða öðrum ástæðum sem Samherja væri ekki kunnugt um.

„Hjá Samherja hefur í einu og

öllu verið farið að lögum hvort sem það varðar gjaldreyrslög skipti eða önnur málefni,“ sagði í yfirlýsingu sinni.

Í umfjöllun Ríkisútvarpsins hefur verið vísað til þess að Seðlabankinn hefði rökstuddan grun um að Samherji hefði um árabíl selt dótturfélagi fyrirtækisins í Þýskalandi íslenskar sjávarafurðir á undirverði. Þannig hefði fyrirtækið brotið gegn gildandi gjaldreyrshöftum með því að fullt verðmæti sjávarafurðanna hefði ekki skilað sér til landsins í formi gjaldreyris.

Samherji hefur hins vegar vísað til þess að fyrirtækið selji mikið magn sjávarafurða í gegnum erlend sölu-fyrirtæki sín, Ice Fresh og Seagold. Verðlagning í þeim viðskiptum sé í alla staði rétt og eðlileg og engum gjaldreyri hafi verið haldið eftir utan landsteinanna sem hafi átt að skila sér til landsins.

Í yfirlýsingu sinni sagði Þorsteinn að „harkalegar og ómál-efnalegar aðgerðir“ Seðlabankans hlytu að vera einsdæmi. Skoraði hann á bankann að leggja fram rökstuðning fyrir húsleitinni svo að fyrirtækið gæti lagt sitt af mörkum í að upplýsa um stöðu mála og lágmarka um leið tjón fyrirtækisins af aðgerðinni.

ÖGMUNDUR JÓNASSON

**YFIRLÝSING SAMHERJA**



Hjá Samherja hefur í einu og öllu verið farið að lögum hvort sem það varðar gjaldreyrslög skipti eða önnur málefni.



ÖGMUNDUR JÓNASSON



## GRÆDDU Á GULLI FYRIR PÁSKA

### CenterHotel Klöpp, Klapparstíg 26

**AFTUR Á ÍSLANDI VEGNA MIKILS ÁHUGA!**  
**UPPRUNALEGA GULL OG SILFUR KAUPSTEFNAN.**

Boðið verður upp á verðmat á skartgripum. Engin skuldbinding til að selja.

### AÐEINS ÞESSA ÞRÍJA DAGA:

Mánudaginn **2. apríl** frá kl. 17–20.30, þriðjudaginn **3. apríl** frá kl. 11–18 og miðvikudaginn **4. apríl** frá kl. 11–18

#### Gullpottur finnst hjá P&H Jewellers

Ungt par fór út með fulla vasa fjár eftir að hafa selt skargripi og gull sem það átti í fórum sínum en hafði ekki not fyrir á farandsýningu á Englandi. Þarið unga ákvað að láta líta á munina á farandsýningunni Jewellery & Gem Stone og fékk fyrir þá dagóða summu.

#### Nú gefst Íslendingum samskonar tækifæri.

Þarið átti, eins og algennt er á mörgum heimilum, fulla skúffu með gömlum ónotuðum munum. Þar var meðal annars að finna gamla skartgripi, brotna gullhringi og gamalt herraur frá því fyrir miðja síðustu öld.

„Þau báðu mig um að nefna ekki nákvæma upphæð en ég get staðfest að þetta voru hundruðir þúsunda. Þau eru himinlifandi,“ segir skartgripasaliinn og matsmaðurinn Paul Franks.

#### Falinn fjársjóður?

Líklega gerir þú þér ekki grein fyrir því að gömlu skartgripirnir sem þú ert hætt/hættur að nota geta hugsnalega verið mjög verðmætir og jafnvel tugþúsunda ef ekki hundruð þúsunda virði. Nú er tækifærið til að komast að því hvort það leynt fjársjóður í rykföllnum skartgripaskrinum enda safnanar á höttunum eftir ónotuðum gömlum skartgripum um þessar mundir.

Nú þegar verð á gömlu gulli er í sögulegu hámarki er um að gera að láta leggja faglegt mat á ónotaða skartgripi. Matið er ókeypis og því fylgir engin skuldbinding til að selja. Sé hins vegar vilji til þess verður gengið frá viðskiptunum með reiðufé á staðnum.

#### Að hverju er verið að leita? Hvað ætti að taka með?

Það er sama hversu stórir eða litlir munirnir eru. Hér eru nokkur dæmi um muni sem farandsalarnir gætu haft áhuga á:

- Gömlu gulli: skartgripum, sigarettuhulstrum úr gulli eða öðrum gullmunum.
- Demöntum yfir einu karati.
- Úrum og vasaúrum en þá frá virtum framleiðendum á borð við Rolex, Cartier, Patek Philippe, Vacheron, Universal, Breitling, IWS og Omega.
- Skartgripum með gimsteinum, jafnvel þó þeir séu brotnir eða þó vanti steina.
- Gömlu silfri.

„Ég hef áralanga reynslu af því að meta og kaupa skartgripi og hef á þeim tíma séð fólk koma með hluti sem voru í þeirra augum lítils virði. Þeir hinir sömu hafa svo gengið út með umtalsverða peninga á milli handanna,“ segir Franks. Hann segir markaðinn fyrir herraur aldrei hafa verið betri og að verð á gulli sé í sögulegu hámarki.

„**Ekki missa af þínum eigin gullpotti.**“

**Einkaviðtal við verðmat.**

**Vinsamlegast athugið að skilríkja er krafist við viðskipti.**

**Nánari upplýsingar á [www.pandhjwellers.com](http://www.pandhjwellers.com)**



# Við bjóðum kökur í Netbankanum



EWENM / S&P / NN5142



## Meniga heimilisbókhald er nú hluti af Netbanka Íslandsbanka

Heimilisbókhald Meniga hjálpar þér að öðlast yfirsýn yfir fjármál heimilisins, halda bókhald og finna raunhæfar leiðir til sparnaðar. Nú getur þú með einföldum

hætti séð hvernig þínar kökur líta út. Opnaðu Netbankann og byrjaðu að spara tíma og peninga með aðstoð Meniga. Nú er allt á einum stað í skemmtilegri Netbanka.



Íslandsbanki er fyrsti banki í heiminum sem býður upp á Meniga innbyggt í Netbanka og er stoltur samstarfs- og þróunaraðili Meniga.

Við bjóðum  
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000

  
Íslandsbanki



Bræðralag múslima tilkynnir þátttöku í forsetakosningum í Egyptalandi í maí:

## Þykir eiga góðar líkur á sigri

**EGYPTALAND, AP** Khayrat el-Shater, varaformaður Bræðralags múslima, verður í framboði til forseta í Egyptalandi. Forysta samtakanna skýrði frá þessu í gær.

Flokkur á vegum Bræðralags múslima náði góðum árangri í þingkosningunum, sem haldnar voru í vetur. Samtökin höfðu ætlað að halda sig til hlés í forsetakosningunum, sem haldnar verða seint í maí.

El-Shater er auðugur kaupskýslumaður sem hefur gegnt mikilvægu hlutverki í samtökunum á umbrotatímunum undanfarið ár,



**MOHAMED BADIE** Leiðtogi Bræðralags múslima tilkynnir framboð varaformannsins, Khayrat el-Shater, til forseta.

NORDICPHOTOS/AFP

eftir að Hosni Mubarak forseta var steypt af stóli í fjöldamótmælum. Bæði herforingjarnir, sem nú fara

með völd í landinu, og lýðræðis-hreyfingar sem stóðu að mótmælunum í byrjun síðasta árs, hafa víðað áhyggjur af því að Bræðralag múslima nái sterkum tókum á stjórn málum í landinu.

Samtökin hafa hug á að auka veg íslamstrúar í stjórn landsins og löggjöf. Samskiptin við Bandaríkin gætu versnað og Ísraelar hafa áhyggjur af vaxandi áhrifum íslamista. Bræðralagi múslima var áratugum saman bannað að skipta sér af stjórn málum en hefur þrátt fyrir það notið vinsælda og átt sterk ítök í landsmönnum. -gb

Viðurkenning Norðurþings:

## Gróðursetja flestar plöntur

**UMHVERFISMÁL** Norðurþing hefur gróðursett flestar plöntur allra sveitarfélaga á landinu, yfir tvær milljónir frá árinu 1990. Sveitarfélagið hlaut sérstaka viðurkenningu frá Skógræktarfélagi Íslands á dögunum.

Viðurkenningin var veitt á fagræðstefnu skógræktar, sem fór fram á Húsavík í síðustu viku. Norðurþing fékk viðurkenningu fyrir þátttöku í Landgræðsluskógaverkefni félagsins og gróðurbótastarf í bæjarlandinu. -þeb



**VONAST EFTIR VIÐSKIPTUM** Á markaði í Bamako, höfuðborg Mali, beið þessi sölukona eftir því að einhver vildi kaupa vefnaðarvörur sem hún geymdi á höfði sér. NORDICPHOTOS/AFP



**NÝR LANDSPÍTALI** Tölvugerð mynd af væntanlegu Sóleyjartorgi við nýjan spítala. MYND/NLSH

Forstjóri Landspítalans:

## Borgin þarf að tryggja aðgengi

**SKIPULAGSMÁL** Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir mikilvægt að aðgengi allra landsmanna að spítalanum sé sem best, hvort heldur sem þeir koma landveginn eða með flugi.

Þetta kemur fram í umsögn Björns vegna ályktunar stjórnar Landsambands heilbrigðisstofnana um nauðsyn nálægðar Reykjavík-urflugvallar og Landspítalans.

Björn segir mikilvægt að Reykjavíkurborg tryggji með skipulagsstarfi gott aðgengi að spítalanum með góðum tengslum við almenningsamgöngur og greiðum akstursleiðum sjúkrabíla frá öllum hverfum Reykjavíkursvæðisins og innanlandsflugvelli, „hvar sem hann verður staðsettur í framtíðinni“. -gar



**BJÖRN ZOËGA**

# Fyrir getur komið að fólk breyti gegn betri vitund

Daniel Levin, lögmaður í stjórn í Íslandsbanka, er sérfróður um góða stjórnunarhætti. Hann telur mikilvægt að skapa menningu samábyrgðar innan fyrirtækja og mælir ekki með bónusum til einstaklinga.

**VIÐSKIPTI** Mikilvægt er að skapa menningu sameiginlegrar ábyrgðar innan fyrirtækja. Þetta er mat Dr. Daniel Levin, lögmanns og stjórnarmanns í Íslandsbanka. Levin var ræðumaður á fundi Festu, miðstöðvar um samfélagsábyrgð fyrirtækja, Viðskiptaráðs og Háskólans í Reykjavík fyrir helgi um stjórnunarhætti fyrirtækja.

„Megnið af því sem sagt er um stjórnunarhætti fyrirtækja er lítills virði vegna þess að við þekkjum í raun öll muninn á góðum og slæmum stjórnunarhátum. Sú nálgun sem ég hef þess vegna á þetta viðfangsefni er að skoða ekki ljótu dæmin um bresti í stjórnunarhátum heldur að skoða fremur litlu valkostina sem fólk stendur frammi fyrir daglega. Það kemur fyrir að fólk breyti gegn betri vitund í sínu daglega starfi og slíkir brestir geta undið upp á sig og valdið stórum vandamálum. Spurningin er því hvernig við komum í veg fyrir slíkt og mitt svar er að það þurfi að skapa menningu þar sem slíkt hegðun er ekki liðin,“ segir Levin, sem hefur í gegnum lögmannsstörf sín komið

reglulega til Íslands síðustu 20 ár.

Levin er einn og áður segir stjórnamaður í Íslandsbanka en innan bankans hefur verið hleypt af stokkunum verkefni í því skyni að kortleggja ákvarðanatökuferla innan hans. Markmiðið er að tryggja að fyrir hendi séu kerfi og ferlar sem lágmarka áhættu, styðja við góða stjórnunarhætti og að stjórnkerfi bankans sé ávallt í samræmi við það sem best gerist.

„Áskorunin er að skapa menningu í kringum góða stjórnunarhætti þar sem fólk er verðlaunað fyrir að halda sig frá ósiðum sem geta mengað út frá sér. Þegar ég segi verðlaunað á ég ekki eingöngu við laun eða bónusa heldur einfaldlega að fólk fái áhugaverðari verkefni og meiri ábyrgð ef það til dæmis sýnir heilindi í starfi og vinnufélögum tillitsemi,“ segir Levin og heldur áfram: „Þá þarf að gera fólk ljóst að kerfið getur hrundið ef hver er að róa í sína átt. Þess vegna hef ég ekki trú á því að verðlauna einstaklinga með bónusum heldur fremur að verðlauna hópa og búa þannig til andrúmsloft sameiginlegrar ábyrgðar. Lykilatriðið er að



**DR. DANIEL LEVIN** er fæddur í Sviss en er bæði svissneskur og bandarískur ríkisborgari. Hann hefur verið tíður gestur hér á landi vegna lögmannsstarfa sinna síðustu tvo áratugi. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

hagsmunir einstaklinga og fyrirtækisins séu þeir sömu.“

Levin segir að auðvitað sé hverju fyrirtæki mikilvægast að framleiða góðar vörur og hafa starfsfólk sem leggur hart að sér. „Þegar ég tala um þessa hluti þá er ég að gera ráð fyrir að grundvallaratriðin séu í lagi. Vilji fyrir-

tækið hins vegar skara fram úr er mikilvægt fyrir það að hafa sérlega áhugasamt og atorkusamt starfsfólk og þá kemur menningin inn í spilið,“ segir Levin og bætir við að til þess að stuðla að heilbrigðri menningu þurfi stjórnendur að sýna fordæmi í störfum sínum. magnusi@frettabladid.is



## Páskapur á Hótel Örk

Hvernig væri að bjóða fjölskyldunni í öðruvísi páskapur?  
Páskatilboð á aðeins 12.450 kr. á mann - frítt fyrir börnin

(m.v. tvo fullorðna og tvö börn 0-12 ára)

Innfalið er 3ja rétta máltíð fyrir fullorðna, af barnamatseðli fyrir börnin og morgunverður af morgunverðarhlaðborði. Öll aðstaða er hóteltgestum að kostnaðarlausu.

Sundlaug, heitir pottar, gufubað, Pool borð, borðtennisborð og fleira.

Práðlaust net á herbergjum innfalið. Tilboðið gildir frá 4.-9. apríl.



**HÓTEL ÖRK**

Breiðumörk 1c, 810 Hveragerði

www.hotelork.is / info@hotel-ork.is / sími: 483 4700 / fax: 483 4775

Páska-egg fyrir börnin!



**VINNINGSTILLAGAN** Á svokölluðum Norðurljósastíg milli Norræna hússins og miðborgarinnar liggja Regnbogagöngin undir Hringbrautina. MYND/LANDSMÓTUN

Valið úr 14 tillögum í hugmyndasamkeppni:

## Göng undir Hringbraut

**SKIPULAGSMÁL** Úrslit eru fengin í hugmyndasamkeppni Reykjavíkurborgar, Háskóla Íslands og Norræna hússins um umhverfi Vatnsmýrarinnar.

„Hugmyndin sem vann þykir vera með framúrskarandi tillögu að tengingu við Hljómskólagarðinn og tjörnina með regnbogagöngum undir Hringbraut þar sem breið tenging gefur bæði mannfólki, fuglum og dýrum að ferðast frítt,“ að því er segir í tilkynningu um lyktir samkeppinnar.

Þar kemur líka fram að tillagan sé líka með norðurljósastíg sem myndi menningaröxul „með Hörpu í norður og Háskólann og Norræna húsið í suður.“

Alls búrast í hugmyndasamkeppni borgarinnar, Háskólans og Norræna hússins fjórtán tillögur víðs vegar af Norðurlöndunum.

Vinningstillagan er unnin af arkitektastofunni Landsmótun af þeim Aðalheiði Erlu Kristjánsdóttur, Áslaugu Traustadóttur, Kristbjörgu Traustadóttur og Þórhildi Þórhallsdóttur. -gar



# Páskasteikin

fæst í Hagkaup

## Ferskur íslenskur kalkúnn

Kalkúnninn hefur smám saman verið að ryðja sér til rúms á veisluborðum Íslendinga. Það er gaman að elda kalkún, því möguleikar í fyllingum og meðlæti eru óendanlega margir og ekki skemmir fyrir að kjötið bragðast einstaklega vel. Kjötið er fitusnautt, létt í maga og án nokkurra aukaefna.



SMJÖRSPRAUTAÐ  
KALKÚNASKIP  
**2.999** kr/kg

Kemur í verðslanir  
3. apríl



KALKÚNN  
FERSKUR  
**1.598** kr/kg

## Hagkaups smjörspautað kalkúnaskip

Undanfarin 10 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörspautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári. Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

## Hagkaups Hamborgarhryggur

- SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM
- ÞARF EINUNGIS AÐ ELDA Í OFNI
- SALT MINNI

Við viljum vera viss um að hátíðarmaturinn þinn verði óaðfinnanlegur. Þess vegna látum við framleiða sérstakan hrygg samkvæmt ströngum gæðastöðlum Hagkaups.

Jóa  
FEL



ÚRBEINAÐ OG  
FYLLT LAMBALÆRI  
**2.799** kr/kg



Þarf ekki  
að sjóða!  
Aðeins 90 mín.  
í ofni!



SALT  
MINNI

HAMBORGAR-  
HRYGGUR  
**1.699** kr/kg

## Úrbeinað og fyllt lambalæri að hætti Jóa Fel

Þetta bragðgóða læri er úrbeinað og fyllt með piparosti, gráðosti, hvítlauk, villisveppum, rósmarin, basil, oregano, olíu, salti og pipar.

## Heill humar 400g

Einstaklega bragðgóður humar sem hentar vel á veisluborðið um páskana. Humarinn er tilbúin beint í pottinn og tekur aðeins nokkrar mínútur að elda.



HEILL HUMAR  
400g  
**1.199** kr/stk




**OPIÐ**  
allan sólarhringinn  
Garðabær, Skeifan  
& Eiðistorg

Gildir til 7. apríl á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Ein ferð betra verð





**VÉLMENNI KEPPA** Tvö lið vélmenna, annað frá háskólanum í Madrid og hitt frá háskólanum í Frankfurt, keppa þarna á móti sem haldið var í Magdeburg í Þýskalandi. NORDICPHOTOS/AFP

Efling græns hagkerfis á Íslandi á að vera forgangsverkefni stjórnvalda:

## Stefnan sættir andstæð sjónarmið

**UMHVERFISMÁL** „Efling græns hagkerfis á að vera forgangsverkefni stjórnvalda,“ sagði Skúli Helgason á aðalfundi Umhverfisstofnunar fyrir helgi.

Í grænu hagkerfi felst að áhersla er lögð á atvinnustarfsemi sem er byggð á fjárfestingum einkaaðila og opinberra aðila, sem dregur úr mengun og losun gróðurhúsalofttegunda, stuðlar að bættri nýtingu orku og auðlinda og kemur í veg fyrir hnignun líffræðilegrar fjölbreytni og þjónustu.

Skúli sagði að í stjórnmalum á

Íslandi hafi tvo andstæð sjónarmið tekist á, annars vegar sjónarmið þeirra sem vilja virkja náttúruauðlindir og svo sjónarmið þeirra sem vilja vernda náttúruna. Þess vegna getur grænt hagkerfi samþætt þessi tvo sjónarmið þar sem helsta markmið þess er að auka verðmætisköpun á sama tíma og það er dregið úr álagi á náttúruna.

Annað markmið á grænu hagkerfi er að auka græn störf sem eru bæði mannbætandi og stuðla að bættu umhverfi.

Stjórnvöld hafa átt í erfið-



SKÚLI HELGASON

leikum með að skilgreina hvað græn störf eru en samkvæmt skilgreiningum er hægt að skipta þeim í tvo yfirflokk. Annars vegar er um að ræða störf við framleiðslu á umhverfisvænum vörum og hins vegar störf sem gera framleiðsluferla í mismunandi framleiðslugreinum umhverfisvænni.

Framhaldsskólanemar deila:

## Ósætti vegna söngkeppni

**FÉLAGSSTARF** Deilur vegna framkvæmdar Söngkeppni framhaldsskólanna hafa orðið til þess að Nemendafélag Fjölbrotaskóla Norðurlands vestra (NFNV) hefur sagt sig úr Sambandi íslenskra framhaldsskólanema (SÍF).

NFNV telur hagsmuni nemenda fyrir borð borna í keppninni. Til dæmis er áttalin ákvörðun um að láta bara 12 atvörðun til úrslita og ákvörðun um að færa keppnina frá Akureyri til Reykjavíkur. NFNV segist munu ganga aftur í SÍF segi stjórn SÍF af sér. - ók



**FÁMENNT** Leiðtogar Íraks, Kómoreya, Líbanons og Palestínu á leiðtogafundinum í Bagdad. NORDICPHOTOS/AFP

Illu mætt á leiðtogafund:

## Treysta ekki ríkisstjórn Íraks

**ÍRAK, AP** Stjórnvöld í Írak höfðu vonast til þess að leiðtogafundur Arababandalagsins í vikunni myndi sýna fram á traust nágrannalandsanna til Íraks, sem er að byrja að fóta sig eftir langvarandi stríðsátök.

Einungis innan við helmingur ríkjaleiðtoga bandalagsins lét þó sjá sig, hinir héldu sig heima.

Fjarvera leiðtoga þykir benda til þess að þeir beri ekki mikið traust til íraskra stjórnvalda.

Forsætisráðherra Katars fór ekki í grafgötur með þetta, þegar hann sagði að hann og aðrir sem ekki mættu væru að mótmæla því að írösk stjórnvöld héldu minnihluta súnni-múslima frá völdum og áhrifum.

- gb

### REYKJAVÍKURBORG

#### Endurbætur samþykktar

Borgarráð hefur samþykkt að verja 180 milljónum króna til breytinga og endurbóta á austurálmú Breiðagerðisskóla. Framkvæmdir hefjast í júní og á að vera lokið í ágúst 2013.

# Netnjósnir sem rekja má til Kína valda víða áhyggjum

Fjöldmörg dæmi hafa komið upp á síðustu misserum um tilraunir kínverskra aðila til iðnnjósná á Vesturlöndum. Í kjölfar árása á bandarísk olíu- og tæknifyrirtæki, þar á meðal Google, hefur bandarísk þingnefnd hafið rannsókn á umsvifum kínverskra fjarskiptafyrirtækja, þar á meðal Huawei, í landinu.

### FRÉTTASKÝRING

Getur verið að einn stærsti framleiðandi heims á sviði fjarskiptatækni greiði leið njósna?

Fréttablaðið greindi frá því fyrir helgi að stjórnvöld í Ástralíu hefðu bannað kínverska fjarskiptafyrirtækinu Huawei, sem hefur um árabil átt í samstarfi við íslensk símafyrirtæki, að taka þátt í útboði vegna uppbyggingar landlægs háhraða internetkerfis. Ástæðan eru áhyggjur sem leyniþjónusta landsins hefur af því að notkun kínversks fjarskiptabúnaðar auðveldi kínverskum tölvuþrjótum að njósna um áströlsk fyrirtæki og stofnanir. Áður höfðu bandarísk stjórnvöld bannað Huawei að koma að uppbyggingu símkerfis bandaríksk símafyrirtækis.

Huawei er einn stærsti framleiðandi heims á vörum og tækni fyrir fjarskiptafyrirtæki. Segja má að tortryggni ástralskra og bandarískra stjórnvalda gagnvart fyrirtækinu varpi ljósi á áhyggjur sem mörg ríkja Vesturlanda hafa af netnjósnum sem rekja má til Kína og flestir telja að tengist kínverskum stjórnvöld-

um. Slíkar áhyggjur hafa magnast á síðustu misserum eftir því sem upphafur komist um fjöldmörg dæmi um tilraunir kínverskra aðila til að brjótast inn í tölvukerfi fyrirtækja og stofnana á Vesturlöndum.

Til að mynda komst árið 2009 upp um tilraun til að brjótast inn í síma Kevin Rudd, þáverandi forsætisráðherra Ástralíu. Á sama ári var brotist inn í öll tölvukerfi kvikmyndahátíðarinnar í Melbourne í kjölfar þess að skipuleggjendur hátíðarinnar neituðu að verða við kröfum kínverskra stjórnvalda um að sýna ekki heimildarmynd um kínverskan andófsmann.

Þá hefur netarásum sem rekja má til Kína meðal annars verið beint að bandarískum olíu- og tæknifyrirtækjum, þar með talið Google sem ráðist var á árið 2009. Í kjölfarið hefur bandarísk þingnefnd hafið að rannsaka hvort notkun á kínverskum fjarskiptabúnaði, þar með talið frá Huawei, auðveldi netnjósnir kínverskra aðila.

Huawei neitar alfarið tengslum við kínversk yfirvöld og meintar njósnir þeirra. Gagnrýnendur fyrirtækisins benda á að stofnandi

## 2010

Þetta ár birti vefsíðan Wikileaks bandarísk sendiráðsskjöl þar sem fram komu grunsemdir bandarískra sendiráðsstarfsmanna um iðnnjósnir Kínverja á Íslandi.



**BANDARÍSKA SENDIRÁÐIÐ** Í svokölluðum sendiráðsskjöllum sem vefsíðan Wikileaks birti á árinu 2010 komu fram grunsemdir bandarískra sendiráðsstarfsmanna um að Kínverjar stunduðu iðnnjósnir hér á landi sem beindust gegn fyrirtækjum á sviði erfðagreiningar og læknisfræði.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

þess, verkfræðingurinn Ren Zhengfei, var áður yfirmaður fjarskiptadeildar kínverska hersins og á þá staðreynd að eignarhald fyrirtækisins er að mestu á huldum. Þrátt fyrir það virðist það hafa unnið sér inn traust stærstu símafyrirtækja heims sem eiga nær öll í viðskiptum við fyrirtækið. Þá hefur það byggt upp fjarskiptakerfi í fjöldmörgum löndum Asíu, í Bretlandi auk þess sem allt símkerfi Nova á Íslandi og hluti símkerfis Vodafone eru frá Huawei.

Engar grunsemdir hafa komið fram opinberlega um neins konar netarásir eða -njósnir hér á landi sem rekja má til Kína. Þó má minnst á að í svokölluðum sendiráðsskjöllum sem vefsíðan Wikileaks gerði aðgengileg árið 2010 komu fram grunsemdir bandarískra sendiráðsstarfsmanna um að Kínverjar stunduðu iðnnjósnir hér á landi sem beindust gegn fyrirtækjum á sviði erfðagreiningar og læknisfræði.

magnusl@frettabladid.is

## SÍÐUSTU FORVÖÐ

Aðeins þrjú dagar eftir af páskatilboðsdögum

**Miele**

### PÁSKAVERÐ\*

Miele þvottavél W1634 áður kr. 184.500 nú kr. 169.900

Miele þvottavél W1714 áður kr. 202.500 nú kr. 184.900

\* á meðan byrgðir endast



**EIRVÍK**

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

Verðkönnun Alþýðusambands Íslands á algengum páskaeggjum:

## Páskaegginn oftast ódýrust í Bónusi

**NEYTENDAMÁL** Bónus var með lægsta verðið á 16 páskaeggjum af 28, samkvæmt verðkönnun Alþýðusambands Íslands (ASÍ) í sjö matvöruverslunum víðs vegar um landið. Verðkönnun fór fram í síðustu viku.

Fjarðarkaup var næstoftast með lægsta verðið, það er á ný páskaeggjum, en Krónan var með lægsta verðið á þremur, að því er segir í fréttatilkynningu frá ASÍ.

Samkaup-Úrval var með hæsta verðið á 21 páskaeggjum af 28 en Hagkaup var næst oftast með hæsta verðið eða á sjö páskaeggjum. Mestur verðmunur í könnuninni reyndist vera á páskaeggjum frá Freyju númer 9, bæði draumaeggjum og ríseggi. Það var dýrast hjá Samkaupum-Úrval þar sem það kostaði 2.569 krónur en ódýrast í Fjarðarkaupum þar sem verðið var 1.598 krónur.

Minnstur verðmunur í könnuninni var á lakkrís páskaeggjum frá Nóa Sírius. Það var dýrast hjá Nettó þar sem það kostaði 1.379 krónur en ódýrast hjá Bónusi þar sem það kostaði 1.259 krónur.

Verð á páskaeggjum hefur hækkað í flestum tilfellum hjá öllum verslunum milli ára nema á Nóa Sírius gulleggi - 6 stk. í pakka sem hefur lækkað milli ára.

Könnunin var gerð í Bónusi á Akureyri, Krónunni í Lindum, Nettó á Egilsstöðum, Hagkaupum í Kringlunni, Fjarðarkaupum í Hafnarfirði, Nóatúni í Hamraborg og Samkaupum-Úrval í Hafnarfirði. Kostur og Vöðir neituðu að taka þátt.

- ibs



**PÁSKAEGG** Verð á páskaeggjum hefur hækkað í flestum tilfellum að því er fram kemur í nýri verðkönnun ASÍ.



## Dögun mótmælir frumvarpi: Vilja frumvarp í þjóðaratkvæði

**SIJÁVARÚTVEGUR** Félagsfundur Dögunar, samtaka um réttlæti, sanngirni og lýðræði, mótmælir frumvarpi um breytingar á fiskveiðistjórnunarkerfinu og krefst þess að fram fari þjóðaratkvæðagreiðsla um framtíðarskipan fiskveiðistjórnunarkerfisins.

Dögun bendir á að frumvarpið tryggji núverandi handhöfum aflaheimilda forgangsrétt til 40 ára. Það sé hvorki í samræmi við loforð ríkisstjórnarflokkanna, né sjónarmið í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar. - áas



**LAUGARDALSLAUG** 300 milljónir fara á þessu ári til framkvæmda í Laugardalslaug.

Átaksverkefni í Reykjavík:

## Sundstaðir fá hálfan milljarð

**FRAMKVÆMDIR** Átaksverkefni við sundlaugamannvirki mun kosta borgarsjóð 500 milljónir króna á þessu ári. Um endurgerð, viðbætur og viðgerðir er að ræða í átaki sem hófst í fyrra við Árbæjarlaug, Breiðholti, Grafarvogslaug, Laugardalslaug, Sundhöllina, Vesturbæjarlaug og ylströndina í Nauthólsvík.

Ljúka á þessum framkvæmdum en einnig hefjast handa við nýtt verkefni til að bæta aðstöðu og öryggi. Þá á að hefja framleiðslu á klór til að nota meðal annars í Breiðholti. Þetta kemur fram í greinargerð með tillögu sem borgarráð vísaði til starfshóps um framtíð sundlauganna í Reykjavík. - gar



**ÓLAFUR**  
ARNARSSON

**FRÍÐRIK J.**  
ARNGRÍMSSON

Telur að sér vegið í pistlum:

## Friðrik stefnir Ólafi fyrir dóm

**DÓMSMÁL** Friðrik J. Arngrímsson, framkvæmdastjóri Landsambands íslenskra útvegsmanna (LÍÚ), hefur stefnt hagfræðingnum Ólafi Arnarsyni fyrir meidyrði.

Friðrik telur að sér vegið í tveimur pistlum sem Ólafur birti á vefmiðlinum Pressunni, fyrst í júlí 2010 og svo í júlí 2011. Þar hélt Ólafur því fram að LÍÚ, fyrir tilstilli og undir stjórn Friðriks, stýddi vefinn AMX til nafnlausra niðskrifta með dulbúnum fjárframlögum sem næmu tuttugu milljónum á ári.

Friðrik krefur Ólaf um eina milljón króna í miskabætur og auk þess um 1,6 milljónir til að standa stráum af kostnaði við að birta dóminn í fjölmiðlum. Málið verður tekið fyrir 10. apríl. - sh

Menntamálaráðherra segir húsnæðismál Náttúru-minjasafns óháð þriðja aðila:

## Perlumenn ekki rætt við ráðuneytið

**SKIPULAGSMÁL** „Ég hef sagt að ég sé tilbúin til að skoða Perluna sem hugsanlegt húsnæði fyrir náttúru-minjasafn en mér finnst það vera sjálfstæð ákvörðun og ekki hanga endilega á einhverjum þriðja aðila,“ segir Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra.

Eins og fram hefur komið vilja hæstbjóðendur í söluútbóði reisa viðbyggingar við Perluna og að ein þeirra hýsi „Náttúrugripasafn Íslands“ sem svo var nefnt áður en heiti þess var breytt í Náttúru-minjasafn Íslands.

Katrín segir Náttúru-minjasafnið nú vera í bráðabirgðahúsnæði í loft-



**NÁTTÚRUPERLAN** Hæstbjóðendur í Perluna vilja reisa viðbyggingu undir náttúrugripasafn við húsið.

MYND/FREYR FROSTASON THG ARKITEKTAR

skeytastöðinni á Melunum. „Það hefur komið fram umræða, eftir að upp kom að Perlun væri til sölu,

að hún gæti verið hentugt húsnæði fyrir þetta safn. En þessi hugmynd sem kemur frá þessum tilboðsgjöfum hefur ekki komið hingað inn í menntamálaráðuneyti,“ segir ráðherra og undirstrikar að hún hafi aðeins heyrt um áform hæstbjóðendanna í fjölmiðlum. Hún sé ekki einu sinni viss um að þeir séu að vísa til Náttúru-minjasafns Íslands með tillögu sinni um náttúrugripasafn.

Fyrirspurn um umræddar breytingar á Perlunni var á miðvikudag tekin fyrir í Skipulagsráði Reykjavíkur sem vísaði málinu til umsagnar hjá skipulagsstjóra. - gar



**NÝSTÁRLEGUR KJÓLL** Á tískusýningu í Peking í Kína mátti líta þennan sérstæða kjól frá frönskum tiskuhönnuði. NORDICPHOTOS/AFP

# LITLIR FÓTBOLTA SNILLINGAR

## UPPLIFUN SEM ALDREI GLEYMIST

Barnið þitt gæti fengið að leiða leikmann inn á völlinn í úrslitaleik UEFA Champions League í Munchen

Ef þú notar MasterCard kort frá Kreditkort gætirðu tryggt barninu þínu ógleymanlega upplifun. Eitt barn á aldrinum 7-9 ára verður dregið út og fer ásamt fylgdarmanni á úrslitaleik UEFA Champions League í Munchen í maí. Þar fær barnið að leiða leikmann inn á völlinn í boði MasterCard, aðalstyrktaraðila UEFA Champions League. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá barnið og nota MasterCard kortið a.m.k. 10 sinnum frá 1. apríl–30. apríl 2012.

Skráðu litla snillinginn til leiks á [www.kreditkort.is](http://www.kreditkort.is)

**KREDITKORT**





Erfitt verður að mynda ríkisstjórn næsta vor:

## Pólitísk kreppa

**S**itjandi ríkisstjórn er almennt illa liðin. Einungis 31% þjóðarinnar styður hana og ólíklegt virðist að það fylgi muni aukast verulega. Fyrir því eru fjórar ástæður. Í fyrsta lagi hefur hún þurft að taka erfiðari og óvinsælli ákvarðanir en líkast til nokkur önnur ríkisstjórn til að rétta af ríkisreksturinn. Margar þeirra hafa verið algjörlega nauðsynlegar og því marki brenndar að vera hugsaðar með langtímahagsmuni í huga frekar en skammtíavinsældir.

### SKOÐUN

**Pórður Snær Júlíusson**  
thordur@frettabladid.is



Í öðru lagi lofaði hún miklu meiru en hún gat nokkurn tímann efnt. Það átti að keyra í gegn umfangsmiklar samfélagsbreytingar á nánast öllum sviðum samhliða því að endurreisa efnahagskerfi þjóðar. Verkefnið sem þó hefur verið ráðist í hafa hins vegar mörg hver verið

útþynnt. Í þriðja lagi hefur hún hreinlega klúðrað mörgum málum. Ber þar að nefna framgöngu hennar í Icesave-deilunni, meðhöndlun á viljugri erlendri fjárfestingu, mislukkaða endurreisn sparissjóðakerfisins og ólöglegu kosningu til stjórnlagaráðs. Í fjórða lagi hafa lykilmenn innan stjórnarflokkanna opinberað sig sem hégómatróll sem taka eigin hagsmuni og valdafýsn fram yfir heildina.

Vegna þessa verður að teljast nánast útilokað að Samfylking og Vinstrihreyfingin-grænt framboð muni geta myndað ríkisstjórn eftir komandi alþingiskosningar. Og miðað við gífurlygheit sem fallið hafa á kjörtímabilinu er nánast útilokað að stjórnarandstaðan sé tilbúin að vinna með öðrum stjórnarflokknum. Það er raunar afar erfitt að sjá hvers konar stjórn verður hægt að mynda yfir höfuð.

Sjálfstæðisflokkurinn, sá eini sem gæti myndað tveggja flokka ríkisstjórn, mælist með um þriðjungsfylgi. Það er líkast til kjarnafylgi hans. Draumur hans um að mynda stjórn með Framsóknarflokknum virðist þó fjarlægur. Samanlagt fylgi þeirra er ekki nægjanlegt. Styrmir Gunnarsson, fyrrum ritstjóri Morgunblaðsins, hélt því nýverið réttilega fram að þetta litla fylgi væri vísbending um að uppgjör Sjálfstæðisflokksins við fortíðina hefði ekki tekist sem skyldi. Vegna þessa höfðar flokkurinn ekki til lausafylgis. Forystumenn hans virðast þó gera alls ekki gera sér grein fyrir því heldur umlykja sig fremur já-mönnum sem segja að það sé ómaklegt að spyrna þeim saman við óuppgerð mál.

Kannanir hafa sýnt það í lengri tíma að 25-30% kjósenda munu að öllum líkindum kjósa eitthvað annað en fjórflokkinn. Valkostirnir hafa líkast til aldrei verið fleiri en enginn þeirra virðist líklegur til að hreinsa upp nægilega mikið af óánægjufylginu til að geta orðið valkostur í ríkisstjórn. Í lausafylginu felst gullið tækifæri fyrir skynsamlegt og jarðbundið stjórn málaafli sem talar hvorki beint til neinna sérhagsmunahópa né lofar óframkvæmanlegri eða eyðileggjandi steypu til að tryggja sér lýðhylli. Slíkt afl virðist þó, enn sem komið er, ekki vera að finna á meðal jaðarflokkanna sem tilkynnt hafa sig til leiks.

Við erum að sigla inn í kosningar við aðstæður þar sem ógjörningur virðist vera að mynda starfhæfa ríkisstjórn úr þeim valkostum sem í boði eru. Á sama tíma er traust á Alþingi í sögulegu lágmarki. Það mælist nú 10% en var 40% í febrúar 2008. Á meðal stofnana mælist einungis bankakerfið með minna traust. Það er því pólitísk kreppa framundan á sama tíma og við þurfum nauðsynlega á festu að halda. Vonandi smitar hún ekki út frá sér til annarra anga samfélagsins. Við því megum við illa.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Ekki gegn sjálfum sér

Lög um þingsköp eru í stöðugri endurskoðun og starfar nefnd innan þings að þeim málum. Þar hefur mikið verið rætt að andanförmu um hvernig bæta megi störf þingsins og þykir sumum víst ekki vanþörf á. Samkvæmt áreiðanlegum heimildum hefur sú hugmynd komið upp að setja það í lög að þingmenn megi ekki fara í andsvar gegn eigin flokksmönnum, nema þeir séu sannarlega á móti málflutningi þeirra. Þykir sumum kannski óþarfi að setja slík lög, þar sem í orðinu andsvar felst beinlínis að menn séu

að setja fram móttæð rök. Það hefur hins vegar ekki stöðvað þingmenn í að flykkjast unnvörpum í pontu til að taka undir málflutning samflokksmanna eða spyrja þá út í ólíklegustu hluti.

#### Hvað heldur þú að þeir hugsi?

Athyglisvert var að fylgjast með Ásmundi Einari Daðasyni í andsvari við Birgi Ármannsson í síðustu viku. Þar spurði hann Birgi hverja hann teldi vera ástæðuna fyrir því að stjórnarliðar vildu ekki þjóðaratkvæðagreiðslu

um hvort hættu ætti aðildarviðræðum við ESB. Birgir sagði sem satt var, að hann væri ekki í aðstöðu til að skyggast inn í hugarheim annarra.


#### Sérkennileg túlkun

Björn Bjarnason setur fram sérkennilega túlkun á heimasíðu sinni. Þar segir hann: „Þegar Hæstiréttur ógilti stjórnlagabingskosningarnar ákvað ríkisstjórnin að hafa ákvörðunina að engu og skipaði stjórnlagaráð.“ Hæstiréttur úrskurðaði kosningu til stjórnlagabings ógilda. Hann hefur aldrei nokkurn tímann tjáð sig um lögmati stjórnlagaráðs, enda tveir ólíkir hlutir.

kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Dagur einhverfu er dagur fjölbreytni

### Einhverfa



Hvað geta þau sem tala ekki kennt Hokkur? Hvað sjá þau sem eru hugfangin af smáatriðunum? Hvernig upplifa þau sem hringsnúast lífið? Hvernig miðla þau sem bergmála til okkar hinna?

Á Degi einhverfunnar beinum við sjónum okkar og athygli að því sem hin einhverfu geta kennt okkur um fjölbreytileika lífsins. Álagið sem er fylgífiskur þess að eiga einhverft barn getur valdið því að við horfum fram hjá gjöfunum sem sá einhverfi gefur og ljómanum sem hann varpar í kringum sig. Alltof oft vill umhverfið þvinga alla í sama mót og þau sem passa ekki inn í væntingar um það sem þykir „eðlilegt“ eru jafnvel álitin byrði og ógæfa.

En barninu sem er einhverft fylgir ekki ógæfa heldur gæfa. Það er vissulega öðruvísi, það gengur ekki í takt, það umturnar væntingum um eðlilegan þroska og áreynslulaust uppeldi. Til að geta notið og

gladst yfir slíku barni þurfum við að tengja upp á nýtt og vera opin fyrir hinu óvænta.

Fjölskyldur einhverfra barna á Íslandi standa ekki einar. Það er okkar reynsla að stuðningsnet leikskóla, félagsþjónustu og heilbrigðiskerfis er ómetanlegur samherji einhverfa barnsins og fjölskyldunnar allrar. Þessa þjónustu ber að þakka og meta.

Fyrir kennara, stuðningsfulltrúa og ráðgjafa erum við þakklát. Fyrir samfélag sem metur, hvetur og styður, gefur rými og skapar möguleika erum við þakklát. Við erum líka þakklát fyrir fræðimenn sem sinna rannsóknum á einhverfu og því sem gagnast einhverfum börnum í námi og leik. Við erum þakklát fyrir áhugasamtök og stuðningsfélög sem halda utan um systkini og aðstandendur.

Þakklátust erum við fyrir drenginn okkar sem minnr okkur á gildi þess sem er öðruvísi og beinir sjónum okkar að leyndardómum lífsins.

## Kostir Íslendinga í gjaldmiðlamálum

### Frummælendur:

GYLFI ZOËGA, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

RAGNAR ÁRNASON, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.

### Fundarstjóri:

MARGRÉT GUÐMUNDSDÓTTIR, forstjóri Icepharma.

Opinn fundur í Háskóla Íslands, mánudaginn 2. apríl kl. 16, stofu 103 á Háskólatorgi, 1. hæð.

### Sjálfstæðir Evrópumenn



# Að vegna menn

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson  
ríthöfundur



Eins og annað er þetta ágætlega orðað í Njálu. Gunnar á Hlíðarenda hefur starfað sem atvinnumaður í útlöndum í þeirri íþrótt sem þá var helst í boði: hermennsku; alls konar fantar og fifl ögra honum og mana hann til átaka en hann er í raun og veru seinþreyttur til vandræða, uppgefinn á blóðsúthellingum. Hann segir við Kolskegg bróður sinn: „Hvað eg veit,“ segir Gunnar, „hvort eg mun því óvaskari maður en aðrir menn sem mér þykir meira fyrir en öðrum mönnum að vegna menn.“

Hann venst þessu aldrei, getur ekki staðið í þessu lengur; langar bara að vera bóndi frekar en kappi. Því að hvað svo sem átjánhundrað amerískir framhaldsspennuþættir á viku og allar glæpasögurnar reyna að telja okkur trú um þá er manningum ekki eiginlegt að drepa aðra menn. Lítið mál að skrökva, fegra, svíkja og pretta, hlunnfara, stela, lemja og lumbrá á öðrum en hitt, að drepa aðra menn – það er ekki eðlilegt. Það er óeðli. Það er dauðasynd og kostar

áreynslu. Maður þarf að stíga yfir mörk, breyta sér, slökkva í sér ljós. Oftast nær gera menn þetta með því að æra sig með hugmyndafræði á borð við ofsatrú, fasisma eða anarkisma og leggja markvisst stund á hatur á „hinum“ – fólki af annarri trú eða þjóðerni eða svokölluðum kynþætti. Svo þurfa menn að hvolfa í sig alls kyns ólyfjan til að geta staðið í þessu, hermenn sem fara um í flokkum myrðandi eru ýmist blindfullir eða útúrskakkir.

Halldór Laxness orðaði þetta ágætlega þegar hann skrifaði um Víetnam-stríðið og sagði eitthvað á þá leið að enginn maður ætti að drepa fleiri menn en hann gæti borðað sjálfur.

Hér höfum við Íslendingar hlutverki að gegna. Frá árinu 2008 höfum við verið svolítið eins og maður sem deleraði á árs hátíðinni og fer með veggjum. En í raun og veru er ýmislegt ágætt hér án þess að sérstök ástæða sé til að hælást um of af því: við erum til dæmis vopnlaus þjóð. Það er ástæða til að vera stoltur af því og halda því á lofti, án þess þó að fara að halda ræður um það í útlöndum að við séum best í því að vera vopnlaus. Stolt fólki hælíst ekki um af því sem það er stolt af – það gera bara þeir sem eru óvissir um eigin verðleika. Og það yrði stórkostleg lygi ef við færum að básúna það

hversu friðsöm þjóð við séum, friðelskandi eða góð – sé sá gállinn á almennum Íslendingi gæti hann þrasað mann til bana.

En við erum vopnlaus þjóð. Og fengum merkilega staðfestingu á þeirri sérstöðu okkar í aðildarviðræðunum við ESB í vikunni þar sem Evrópusambandið viðurkennir þessa sérstöðu. Það er mikilsvert og mikil gæfa einni þjóð að vera herlaus. Viða um

vopnasölum. Í fátækum löndum Afríku, Asíu og Ameríku – og Evrópu fram á síðari ár – eru vopn seld glæpaklíkum sem ýmist eru við stjórnvölinn eða leiða uppreisnarmenn með tilheyrandi barnaránunum og öðrum þeim viðbjóði sem tilheyrir stríðum. Greitt er fyrir vopnin með ýmsum varningi sem þessi lönd gætu gert sér mat úr á uppbyggilegan hátt, demöntum og fleiri slíkum verðmætum. Hinn

munu ríki Sameinuðu þjóðanna koma saman til að ræða og útfæra ályktun sem samþykkt var á allsherjarþingi árið 2007 um nauðsyn þess að gerður verði vopnaviðskiptasamningur í heiminum. Nú, fimm árum síðar stendur til að ákveða hvert inntak þessa samnings á að vera, hversu ítarlegur og yfirgripsmikill hann verði – hvort hann verði skotheldur eða bara málamynda-orðagjálfur.

Einhverinn veginn finnst manni að þarna gætu Íslendingar haft hugsanlegu hlutverki að gegna, haft rödd sem kann að skipta máli; vopnlaus þjóð. Við eigum hægara með að tjá okkur en sumar aðrar Norðurlandþjóðir – til að mynda Svíar sem hafa löngum verið flæktir í ljósfælin vopnasölu-hneyksli eða Danir sem fóru allt í einu að halda að þeir væru mikil og staðföst herþjóð og tóku að senda unga menn til Íraks og Afganistan til að deyja þar í stríðinu sem þeir Davíð Oddsson og Halldór Ásgrímsson gerðu Íslendinga samábyrga fyrir. Þó ekki væri nema til að bæta fyrir það hneyksli er þess vonandi að vænta að hinn vaski utanríkisráðherra okkar beiti sér af alefli fyrir því að gerður verði raunverulegur samningur á alþjóðavísu um vopnaviðskipti sem komi í veg fyrir eins og kostur er að ráðamenn geti farið með hernaði á hendur þjóðum sínum.

Viða um heim, í fátækum löndum, fara fram nokkurs konar Hungurleikar. Þar er þjóðum att saman af þeim sömu ríkjum sem koma jafnan fram sem friðargæsla og skynsemi heimsins.

heim, í fátækum löndum, fara fram nokkurs konar Hungurleikar. Þar er þjóðum att saman af þeim sömu ríkjum sem koma jafnan fram sem friðargæsla og skynsemi heimsins. Um 90 prósent þeirra vopna sem flutt eru út í heiminum eru framleidd af fimm fastaríkjum Öryggisráðsins, Frakklandi, Bandaríkjunum, Kína, Bretlandi og Rússlandi. Stríðsátökum með tilheyrandi skelfingum og ójafnvægi er viðhaldið markvisst af

stöðugi fjáraustur í vopn kemur í veg fyrir að peningum sé varið til raunverulegra verkefna sem bíða.

Það eru gífurlegir hagsmunir ráðandi afla innan vopnasölu-ríkjanna að viðhalda ófriði í heiminum, viðhalda þeirri skipan sem nú er á eftirliti með vopnaviðskiptum. Það eftirlit er í stuttu máli ekki neitt.

Amnesty International stendur nú fyrir herferð til að vekja athygli á þessum málum. Í júlí á þessu ári

AF NETINU

## Fyrirsjáanlegt grín

Apríljöbbin voru flest frekar fyrirsjáanleg. DV hélt sig við smellvinsælasta málefnið – og mér skilst að umræðan hafi verið skemmtilegri en fréttin sjálf (sem aftur minnti á hérna um árið þegar Vantrú þóttist hafa klofnað). Flestir aðrir brandarar voru alls ekkert skemmtilegir og aðallega til vitnis um þá stemningu sem ég þekki af eigin raun, að sitja í ritstjórn og eiga allt í einu að vera frumlegur og fyndinn mitt í einhverju fréttarúsi, áreiðanlega illa sofinn og þunnur og einhvern veginn ekki með mikinn húmor fyrir þessu yfir höfuð.

norddahl.org

Eiríkur Örn Norðdahl

## Jafnræðis ekki gætt

Molaskrifari fylgdist með orðaskiptum forsætisráðherra og Jóns Bjarnasonar fyrrum ráðherra í beinni útsendingu frá umræðum á Alþingi að morgni fimmtudags (29.03.2012). Einkennilega var hins vegar frá þessu greint í fréttum Ríkissjónvarps sama kvöld. Þar var birt glefsa úr ræðu forsætisráðherra en tekið sérstakt viðtal við Jón Bjarnason þar sem hann úthúðaði forsætisráðherra. Þetta voru undarleg vinnubrögð. Annað hvort átti að birta glefsur úr ræðum beggja eða taka stutt viðtöl við þau bæði. Þá hefði jafnræðis verið gætt.

eidur.is

Eiður Svanberg Guðnason

## Að gifta með góðri samvisku

Það segir sig nokkuð sjálft að aðeins tímaspursmál er hve lengi prestum og yfirleitt þeim sem framkvæma opinberar athafnir eða annast einhvers konar þjónustu líðst að mismuna fólki eftir kynhneigð. Þetta sér meirihluti Dana og þetta sjá í raun og veru allir sem hugsa málið. Röksemdir eins og þær að trúaratriði sé að mismuna megi fólki eftir kynhneigð, það sé félagslegt atriði eða partur af þjóðarsál eða kirkjuvenju að vísa megi fólki frá vegna kynhneigðar halda auðvitað ekki vatni og eru yfirleitt settar fram til að vinna tíma.

blog.eyjan.is/baldurkr/

Baldur Kristjánsson

## FYRIR ELDRI BORGARA

### Glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fallegu umhverfi

Í Boðabíngi 24 Kópavogi eru til leigu nokkrar glæsilegar þjónustu- og öryggisíbúðir í fimm hæða húsi með lyftu. Um er að ræða fyrri áfanga af tveimur, en alls verða íbúðirnar í húsinu 95. Úr íbúðunum er meðal annars stórkostlegt útsýni til Elliðavatns, Esjunnar og Hengilsins. Handan götunnar er hjúkunarheimilið Hrafnista og þjónustumiðstöðin Boðinn, þar sem boðið er uppá fjölbreytta og vandaða þjónustu. Þangað er innangengt um upphitaðann tengigang.

## Góðir kostir

- Rúmgóðar, vandaðar og bjartar íbúðir
- Stórar flísalagðar og yfirbyggðar svalir
- Innangengt í þjónustumiðstöðina Boðann
- Aðgangur að þjónustu hjúkunarfræðinga
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn
- Sjúkraþjálfun og tækjasalur
- Dagvistun
- Matsalur
- Sundlaug og heitir pottar
- Hárgreiðslustofa
- Fótaaðgerðarstofa
- Fjölbreytt félagslíf
- Þúttvöllur
- Fjölbreyttar gönguleiðir
- Góð bílastæði



Reynir Björnsson og Dóra Magnúsdóttir eru ánægð í Boðabínginu.

## Sýndar alla virka daga

Lausar íbúðir eru sýndar áhugasömum alla virka daga. Hafid samband í síma 585 9301 og 585 9302 á skrifstofutíma eða sendið tölvupóst til jona.karlsdottir@hrafnista.is. Sjá nánar á heimasíðunni hrafnista.is.

www.hrafnista.is



Sjómannadagráð  
í Reykjavík og Hafnarfirði



HRAFNISTA  
Reykjavík | Hafnarfirður | Kópavogur



# Fjöldi aðildarríkja ESB getur orðið fjötur um fót

ESB-aðild

Kristján Vigfússon

kennari við Háskólann í Reykjavík



mála sem verður með einhverjum hætti utanálggjandi öðrum sáttmálum Evrópusambandsins.

## Fjöldi aðildarríkja er að verða fótakerfi

Umræður um framtíð Evrópusambandsins, ESB, hafa verið miklar og ítarlegar að undanfönu og ekki að ófyrirsýnju. Evrópusambandið líkt og heimurinn allur hefur þurft að glíma við fjármálakreppu sem hefur nú náð inn í innsta kjarna sambandsins. Þessi kreppa birtist m.a. í skuldakreppu vegna óráðsú og skuldafórnunar einstakra aðildarríkja. Viðbrögð sambandsins við skuldakreppu fram til þessa hafa verið fálmennd, ótraustvekjandi og komið seint fram. Margir eru fyrir vikið löngu búnir að afskrifa sambandið og þá sérstaklega evrusamstarfið.

Nú er rætt um það af fullri alvöru að Grikkir þurfi að yfirgefa evrusvæðið þó engin formleg útgönguleið sé til samkvæmt sáttmálum sambandsins. Það er erfitt að taka ákvörðun um að lána mikla fjármuni til þess sem er þegar skuldugur upp fyrir haus og getur ekki gefið tryggingu um að hann greiði fjármunina til baka. Ekki er langt síðan við Íslendingar vorum í sömu stöðu og Grikkir. Hagfræðingar keppast um að skilgreina til hvaða ráða Evrópusambandið þarf að grípa til að takast á við núverandi aðstæður og sýnist sít hverjum í því efni. Það eru hins vegar fleiri hliðar á þessu máli sem vert er að skoða, hliðar sem snúa að stofnanauppbyggingu Evrópusambandsins.

## Skuldakreppan

Kreppan sem nú ríkir er í eðli sínu flóknari að mörgu leyti en fyrri kreppur sem Evrópusambandið hefur þurft að glíma við. Hér kemur til alþjóðavæðingin, samþætting fjármálakerfis, frjálsir fjármagnsflutningar yfir landamæri og fleiri þættir sem gera það að verkum að fæst ríki eru eyland og aðgerðir í einu ríki hafa áhrif í öðru. Skuldakreppa sem kallar á snör handtök, hraða úrvinnslu, öfluga eftirfylgni og framkvæmd. Í fyrri kreppum voru aðildarríki sambandsins færri sem einfaldaði allar aðgerðir jafnframt sem í flestum tilfellum var svigrúm til að takast á við þær lengri tíma. Tillögurnar sem loksins voru settar fram til að leysa úr skuldakreppunni til lengri tíma litið munu heldur ekki einfalda samstarfið þar sem um er að ræða sátt-

mála sem verður með einhverjum hætti utanálggjandi öðrum sáttmálum Evrópusambandsins.

Staðreyndin er sú að aðildarríkin eru ólík og með ólíka stjórnálagmenningu og reglur þar að lútandi sem gerir sambandinu erfitt um vik. Írar og Danir telja sig til að mynda þurfa að senda minnstu breytingar sem lagðar eru til fyrir þjóðaratkvæðagæðslu. Stjórnarskrárdómstóll Þýskalands hefur æ meiri afskipti og athugasemdir gert við löggjöf sambandsins og svona mætti áfram telja. Hér hefur neitunarvald aðildarríkja í mörgum málaflokkum einnig mikið að segja jafnframt því að öhemju tímáfrækt er að senda breytingar á sáttmálum fyrir þing allra aðildarríkjana.

Í stuttu máli þá hefur ekki tekist að breyta ákvarðanatökufærlu sambandsins með þeim hætti að sambandið geti brugðist hratt við aðstæðum eins og skuldakreppunni nú. Á sama tíma og sambandið þarf að dýpka samvinnuna til að geta tekist á við fjármálakreppur og draga þarf úr valdi aðildarríkjana þá er aðildarríkjum að fjölga sem flækir málin meira en nokkru sinni fyrir. Ekki má heldur horfa framhjá þeirri staðreynd að almenningur í flestum aðildarríkjunum er á móti auknum samruna og gerir æ meiri kröfur um beinna lýðræði og að ákvarðanir séu teknar heima fyrir. Það hefur reyndar verið stefna sambandsins undanfönu ár með svokallaðri nálægðarreglu. En það er ekki bæði sleppt og haldið.

Lærdómurinn af þessari síðustu kreppu verður líklega sá að Evrópusambandið verður að koma sér upp hraðvirkari ákvarðanatöku ef það á að geta brugðist við kreppum í síkvikum og breytilegum heimi. Það er ekki sjálfgefið og það mun hugsanlega stranda á samþykki margra aðildarríkja að gefa meira eftir af fullveldi sínu til Brussel.

# Um spjaldtölvur og byltingar

Menntamá

Hjálmar Árnason  
frankvæmdastjóri Keilis

lýst með orðum skosks nemanda í Ipad-væddum skóla: „With Ipad I can learn the way I like to learn.“ Í stað þess að leggja fram „eina námsbók“, sem öllum er ætluð, eiga nemendur að leita þeirra heimilda sem hverjum hentar til að ná markmiðum námsins. Þetta snýst ekki um tæknina heldur um námið og leiðirnar til að afla sér þekkingar. Tæknin hins vegar opnar stóra gátt að námsmarkmiðunum og leggur grunn að fjölbreytilegum leiðum hinna lærdómssúsu.

Þannig eru nemendur virkjaðir til að leita sér áhugaverðra leiða til lærdómsins. „Learning by doing“, gæti hæglega átt hér við sem og að virkja hina skapandi hugsun til lærdómsins. Það eru nefnilega svo margar leiðir að sama markmiði. Allar hinar óþrjúðandi upplýsingalindir á netinu skapa endalausar möguleika til lærdóms. Og þær þarf að nýta í þágu menntunar. Þetta gerir fólk heima hjá sér á vinnustöðum – svifur um netmiðlana hverju nafni sem þeir nefnast – og leita upplýsinga. Skólakerfið hefur í meginráttum ekki fylgt þessari þróun.

## Ein skrudda fyrir alla.

Kennslubókin, sem úreldest fljótt og hlýtur að vera þröng í eðli sínu, er aðeins ein fjölmargra leiða til að ná settu marki – þ.e. að læra. Margfalt árangursríkara hlýtur að vera að bjóða jafnframt allar hinar upplýsingaleiðirnar hvort heldur eru greinar, myndbönd, ljósmyndir, frásagnir eða hvað annað. Virkjum kraft og áráði fróðleiksfúsra til að finna hver um sig þær keldur sem svalla.

Með því að virkja leiðirnar til fróðleiks örvum við nemendur. Veruleikinn er líka þannig að flestir afla sér upplýsinga í gegnum ýmsa netmiðla. Og þar eru landamæri upphafin – heimurinn er undir. Því hlýtur það að teljast eðlilegt hlutverk skóla, á hvaða stigi sem er, að þjálfna nemendur sína í að afla sér upplýsinga og ekki síður að skoða

þær með gagnrýnum hætti. Þarf mikið meira til að teljast kunna?

## Að virkja fólk til náms

Spjaldtölvan er rétt að hefja innreið sína í skólakerfið. Við heyrum brestina þar sem gamla og þrönga „karlinn-á-kassanum“ aðferðin mun víkja undan gnægð upplýsinga. Danskur skólásticojari, Rasmus Borch, orðaði það svona á ráðstefnu nýlega: „We are going from top-down teaching to more horizontal teaching.“ Og þar gegnir tæknin lykilhlutverki. Þetta er líka kallað „flipped classroom“ þar sem lærdómurinn fer fram heima á netinu en skapandi og ógrandi verkefni eru unnin í skólaflokkum.

Nokkur dæmi hafa sýnt stórtígar framfarir nemenda með því að nálgast lærdóminn með þessu móti, þ.e. kennsla löguð að þörfum hvers og eins í stað einnar aðferðar fyrir alla. Bandarískur skóli var afar lágmetinn árum saman á samræmdum prófum. Stjórnendur þar á bæ stökkuðu allt skipulag skólans upp og lögðu upp með einstaklingsmiðað nám þar sem netið og spjaldtölvur gegndu lykilhlutverki. Á örfáum árum fór skólinn úr 50% falli nemenda í minna en 10% falli, þökk sé breyttum kennsluháttum. Í öðrum skóla náðu rúm 90% nemenda sem notuðu spjaldtölvur en aðeins um 65% þeirra sem voru látin hanga í gömlu aðferðunum. Staðreyndin er einfaldlega sú að fjölbreytileiki í námsefni og námsleiðum eykur áhuga og virkjar fleiri skynfæri við námið. Þetta er einfaldlega svarið við hinni almennt viðurkenndu leið allra fræðikenninga og laga um lærdóm: að sérhverjum einstaklingi skuli sinna við hæfi hvers og eins. Við höfum ekki gert það í árhundruð. Nú er tækifærið að skapast. Mörg ljón eiga eftir að vera í vegi þessa nýja umhverfis enda kerfið verið að byggjast upp í aldir og er orðið innmúrað. Stærsta hindrunin er að losna við hugsun og skipulag hins gamla og bráðum úrelta kerfis. Það eru spennandi tímar framundan í menntamállum.

# Nokkur orð um rafbækurnar í fjarvídunum og ólæsi drengja

Menning

Guðmundur Brynjólfsson  
ríthöfundur

hann er systursonur Sigurlaugar heitinnar Sigurðardóttur, sonur Bínu sem sá alltaf um tjalpstæðið) tilkynnir að klúbburinn ætli að gefa skólann hávísindalegan útbúnað svo börnin geti lesið rafbækur og þannig náð í skottið á framtíðinni sem sé alltaf á næstu grösum (hann orðaði þetta svona og vakti hrifningu).

Og af því að Haukur hefur í sér þessa driffjöður sem er svo rík í þessu fólki þá lét hann ekki sitja við orðin tóm og vafði plastið utan af einu svona apparati og færði Sigurlaugu Indriðadóttur skólásticojara. Hún þakkaði fyrir hönd skólans og lét þess getið að nú þyrfti ekki framur að hafa áhyggjur af lestrar-kunnáttu drengjana í Minnstafirði, svona stórflugur myndi drífa þá upp úr öllum tölvuleikjum svo ekki væri nú minnst á reykingafíkt og aðra ómennsku.

Magna á dekkjaverkstæðinu var brugðið um stund því hann sá fyrir sér að allur drengjaskarinn yrði við þessa tækninýjung allt of menntaður og myndi í kjölfarið fúlsa við því að þiggja hjá honum vinnu á álagstímum – en sá ótti rjátláðist af honum þegar hann mundi eftir Baldri fávita sem aldrei myndi geta lært að lesa af bók og þá ekkert frekar rafbók og sá í honum framtíðarstarfskraft þegar honum sjálfum (atvinnulífni) myndi best henta. Að þessum hugleiðingum loknum lét Magni það eftir sér að klappa, með öðrum viðstöddum, fyrir gjöf Lionsklúbbsins.

Nú, við nývaknaða Góu á því herrans ári 2012, hafa drengirnir í Minnstafirði tekið stórstígam framförum í lestri. Framfarirnar voru hægar í fyrstu en eftir að skólásticojari Sigurlaug, Haukur formaður Lionsklúbbsins og Haukur (sami Haukur) Kristjánsson eigandi sprotafyrirtækisins Rafbók-Raflestur höfðu látið ljós sitt skína í staðarblaðinu (netútgáfunni) sem svo aftur leiddi til þess að allir stærstu miðlar landsins (netútgáfunar) fjölluðu á nákvæmlega sama hátt um málið, fór fluglæsi að gera vart við sig meðal drengjana í þorpnu og lásu þeir nú hverja rafbókina á fætur annarri – að því sagt er. En þar með er ekki öll sagan sögð því nú gerðist það bara í gær eða fyrrað að Baldur fáviti kom á bókasafnið og sótti sér bókina Þorpið sem svaf og lét þess getið í leiðinni að hann ætlaði að glugga í hana í dauða tímanum á dekkjaverkstæðinu. Kerlingarnar á bókasafninu, Ingibjörg eldri og Ingibjörg yngri, brostu göðlátlega í laumi því þær þóttust vita að Baldur væri ólæsi en fyrir-gáfu honum mannalætin af því að fávítum leyfast sem kunnugt er drýgindi umfram aðra menn. Síðan héldu þær áfram að metast um hvor þeirra væri með þrálátara líkþorn og lofuðu Guð fyrir rafbækurnar sem hvorki þyrfti að ráða upp í hillur né heldur kaupa inn á safnið til að bæta safnkostinn, heldur væru þær bara til í fjarvídunum og kenndu þaðan drengjum að lesa sig.

## DR. COMFORT HEILSUSOKKAR

### KYNNINGAR

- Lyfju Smáratorgi  
mánudag  
kl. 16-18
- Lyfju Lágmulu  
þriðjudag  
kl. 17-19

Fyrir þá sem hafa sykursýki, gjigt, bjúg, taugaskaða og/eða skerta blóðrás í fótum.

Minni þreyta, minni bjúgur og minni verkir í fótum!





# FYRIR BAÐIÐ

**Tilboð!**

## STURTUhorn

Hert öryggisgler • Sturtubotn og vatnslás fylgja

## heilir Sturtuklefar

Hert öryggisgler allan hringinn • Sturtusettt fylgir



stgr. **26.900**

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001



stgr. **56.900**

HERT ÖRYGGISGLER

CE ISO 9001

Lausar hlifur framán á botni



stgr. **12.900**

verð frá **25.900** stgr.

stgr. **2.750**

verð frá **19.900** stgr.

RÚNNAD STÆRÐIR: 80x80

RÚNNADUR STÆRÐIR: 80x80 og 90x90

STURTUSTANGARSETT BARKATENG

STURTUSTÖNG MED THERMÓ

STURTUSTANGIR MED STURTHAUS, BARKA OG SÁPUSKÁL

# BAÐ INNRÉTTINGAR



stgr. **59.900**

stgr. **44.900**

S-9016 eik stærð: 100 x 46 sm

S-9010 eik stærð: 62 x 48 sm



stgr. **14.900**

HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI STURTU/BAÐTÆKI



stgr. **11.900**

HITASTÝRÐ BLÖNDUNARTÆKI STURTUTÆKI m/STÚT UPP EÐA NIÐUR



**1.750**

STURTHAUSAR MED BARKA OG VEGGFESTINGU



6 hlutir

stgr.

**3.900**

BAÐÁHÖLD - SETT

til afgreiðslu af lager

**INNRÉTTINGAR & TÆKI**

[www.i-t.is](http://www.i-t.is)

- fyrir þitt heimili

Opið virka daga frá kl. 09-18 • laugardaga kl. 11-15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is



# Eins árs starfs- afmæli Specialist- erne á Íslandi

## Samfélagsmál

**Bjarni Torfi  
Álfþórsson**  
framkvæmdastjóri  
Specialisterne



Í dag er alþjóðlegur dagur einhverfra. Þennan dag fyrir ári opnaði sjálfseignarstofnun Specialisterne á Íslandi mats- og þjálfunaraðstöðu sína fyrir einstaklinga á einhverfurofi. Þann 4. ágúst mættu síðan fyrstu sex einstaklingarnir til okkar í mats- og þjálfunarfélid. Frá þeim tíma hafa 16 einstaklingar verið hjá okkur og í dag eru þrjú þeirra í launaðri vinnu og aðrir þrjú í starfsnámi sem er undanfari launaðrar vinnu.

Starfsemi Specialisterne byggist á hugmyndafræði sem Thomil Sonne hefur þróað með sínu góða starfsfólki í Danmörku allt frá árinu 2004. Í stuttu máli gengur verkefnið út á það að finna og fá til okkar einstaklinga með greiningu á einhverfurofinu, meta þá og þjálfa til sjálfshjálpar. Þeir 16

verkefni sem við höfum unnið á starfsstöð okkar í Síðumúla 32. Það er tilfinning okkar, sem hefur líka verið staðfest af mörgum aðstandendum skjólstæðinga okkar, að á þeim tíma sem liðinn er frá því að starfsemi hófst hafi almenn vellíðan þessara einstaklinga batnað mikið og trú þeirra á sjálfa sig og umhverfið orðið meiri. Ný störf fyrir skjólstæðinga okkar og betri líðan þeirra gefur okkur trú og kraft til að halda áfram starfinu þrátt fyrir erfiðan rekstrargrundvöll.

Fjárhagsleg staða Specialisterne er í mikilli óvissu, en til dagsins í dag höfum við ekki haft úr öðru að spila en styrkveitingu frá Menntaáætlun ESB, Leonardo, og Starfsendurhæfingarsjóði VIRK, og framlögum frá fyrirtækjum og velunnurum. Um miðjan síðasta mánuð var samþykkt styrkveiting til Specialisterne frá velferðarráðuneytinu, sem er vel, en sá styrkur dugir ekki einn og sér til að tryggja tilveru okkar yfir næstu áramót. Við biðum enn svara frá öðrum stofnunum og trúum og vonum að starfsemi Specialisterne

Ný störf fyrir skjólstæðinga okkar og betri líðan þeirra gefur okkur trú og kraft til að halda áfram starfinu þrátt fyrir erfiðan rekstrargrundvöll.

einstaklingar sem hafa verið hjá okkur á þessu ári eiga það flestir sameiginlegt að hafa ekki verið úti á hinum almenna vinnumarkaði. Þeir höfðu ekki haft hvatningu til að vakna til neinna sérstakra starfa og höfðu því oftast en ekki litla tilfinningu fyrir tilgangi sínum í hinu daglega lífi.

Hjá okkur hafa þessir einstaklingar þurft að mæta alla virka daga vikunnar og vinna í upphafi verkefni sem hjálpa okkur að meta almenna getu þeirra og finna helstu styrkleika og veikleika. Til að finna sem flestum störf við hæfi hafa þessir einstaklingar fengið tækifæri í starfsnámi hjá m.a. Reykjavíkurborg, Tölvulistanum, Menntaskóla Kópavogs, Nóa Sírus og Vistor. Þá höfum við einnig fengið til okkar nokkur skráningar-

eigi hljómgrunn hjá þeim sem deila út fjármunum hins opinbera.

Hér birtist að lokum listi yfir þau fyrirtæki og þær stofnanir sem hafa létt okkur lífið með styrkjum í formi ýmissa gjafa, peningaframlögum og margs konar fyrirgreiðslu.

Alcan á Íslandi, Arion banki, Blómaval, Borgarfjarðarhreppur, DK hugbúnaður, Efla verkfræðistofa, Fjölsmiðjan, Frón kekkverksmiðja, Garðheimar, Innes, Hreyfing, Intellecta, Íslandsbanki, Litaland, Marel, Menntaáætlun ESB, Nóa Sírus, Penninn, Síminn, Tölvulistinn, Seltjarnarneskaupstaður, Sveitarfélagið Garður, Reykjavíkurborg, Reitir fasteignafélag, Vífilfell, Umsjónarfélag einhverfra, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis og Ölgerðin.

# Um réttar og rangar upplýsingar

## ESB

**Andrés Pétursson**  
ráðgjafi



Það er í raun kostulegt en um leið sorglegt að sjá geðs-hræringu andstæðinga aðildar Íslands að Evrópusambandinu við opnun svokallaðrar Evrópu-stofu. Það er eins og fjandinn sjálfur hafi opnað skrifstofu á Íslandi miðað við viðbrögð sumra Nei-sinna. Það kom mér hins vegar á óvart að Björn Bjarnason skyldi bætast í þennan hóp þegar hann virtist fara alveg úr sambandi þegar fréttaskýringabátturinn „Landinn“ fjallaði á yfirvegaðan hátt um möguleika Íslendinga á landsbyggðarstyrkjum frá Evrópusambandinu ef landið gengi í ESB.

Björn Bjarnason hefur lengi verið í fararbroddi þeirra sem styðja vestræna samvinnu. Hann er meðal annars núverandi formaður Varðbergs, samtaka um vestræna samvinnu og alþjóðamál. Ég geng út frá því að Björn hafi nokkrum sinnum farið í kynnisferðir á vegum NATO til Washington, Brussel og London, sérstaklega þegar hann var

starfandi blaðamaður á Morgunblaðinu. Mér dettur ekki í hug eina einustu mínútu að jafn vel gefinn maður og Björn hafi tekið fréttatilkynningar frá Atlants-hafsbandalaginu og birt þær gagnrýnislaust í blaðinu.

Hann notaði auðvitað þessar ferðir sínar til að bæta við þekkingu sína á eðli og uppbyggingu NATO. Það gerði hann hæfari til að veita og meta breytingar í alþjóðamálum og þannig miðla betri upplýsingum til Íslendinga. Á sama hátt og Björn hefur gert með styrk þann sem hann fékk frá Alþingi til að kynna sér eðli og uppbyggingu Evrópusambandsins. Ekki virðist sá styrkur hafa breytt skoðun Björns á Evrópumálum mikið né gert hann að Evrópusinna! En styrkurinn og þær upplýsingar sem hann hefur fengið í kjölfarið af ferð sinni til Brussel hefur örugglega hjálpað honum að móta skoðun sína á ESB.

Á sama hátt mun almenningur, fjölmiðlafolk og aðrir geta fengið upplýsingar frá Evrópustofu og öðrum aðilum og þannig myndast sér upplýsta skoðun á því hvort það telji hafa Íslendinga betur borgið innan eða utan Evrópusambandsins. Niðurgreitt Bændablað, ótrúlegar mýtur sem Útvarp Saga endurvarpar gagnrýnislaust og fjandsamlegir

leiðarar og fréttaskýringar Morgunblaðsins sjá alveg um að koma neikvæðum fréttum um Evrópusambandið á framfæri.

Ég er enginn sérstakur talsmaður Evrópustofu eða Evrópusambandsins í sjálfa sér en ég held að ég geti fullyrt að Evrópustofa muni ekki í sínum gögnum á neinn hátt taka afstöðu til þess hvort Íslendingar eigi að ganga í Evrópusambandið eða ekki. Evrópustofa mun reyna að birta raunsæja mynd af því fyrirbæri sem Evrópusambandið er. Það er hins vegar ekki létt verk því ESB er í raun flókið samband af frjálsu samstarfi fullvalda ríka en á sama tíma ákveðin samþætting á hlutverki þjóðríkja. Ég er hins vegar sannfærður eftir að hafa menntað mig sérstaklega í þessum málaflökki og starfað að Evrópumálum í næstum því tuttugu ár að innganga Íslands í Evrópusambandið yrði landi og þjóð til góðs.

Það eru hins vegar ekki allir sammála mér og virði ég þær skoðanir. Það virðast hins vegar flestir vera á þeirri skoðun að það vanti meiri upplýsingar um Evrópusambandið. Það sætir því furðu að ákveðinn hópur manna virðist sannfærður að einungis neikvæðar og jafnvel rangar upplýsingar um Evrópusambandið séu þær einu sem megi birta.

# Staða mönnunar lækna í heilsugæslunni og nýliðun

## Heilbrigðismál

**Gunnlaugur Sigurjónsson**  
heimilislæknir



Á Læknadögum í janúar síðastliðnum var haldið málþing um stöðu mönnunar lækna á Íslandi. Þar var meðal annars fjallað um stöðuna sem ríkir í mönnunarmálum heilsugæslunnar. Staðan er ekki góð og ef takast á að tryggja rekstur heilsugæslunnar á Íslandi þarf að grípa strax til aðgerða, meðal annars með því að gera heilsugæslulækningar að álitlegum kosti fyrir unga lækna.

Fastráðnir heilsugæslulæknar á Íslandi voru 188 þann 1. október 2011. Þar af voru 180 sérfræðingar í heimilislækningum. Fast-ráðnum heilsugæslulæknum hafði fækkað um fjóra á landinu frá ársbyrjun 2010. Ef aldurs-samsetning sérfræðinga í heimilislækningum er skoðuð kemur í ljós að á aldursbilinu 36 til 45 ára eru 30 lækna eða þrjú að meðaltali í hverjum árgangi. Ef aldursbilin 46 til 55 ára og 56 til 65 ára eru skoðuð kemur í ljós að um 70 einstaklingar eru í hvoru tíu ára aldursbili eða 7 lækna í hverjum árgangi að meðaltali. Af þessu er ljóst að nýliðun í röðum heimilislækna hefur verið mjög ábótavant á síðustu tíu árum en gera má ráð fyrir að lækna hlúki sérfræðiviðurkenningu í heimilislækningum fyrir 35 ára aldur.

Á næstu 10 árum munu 29% fastra lækna heilsugæslunnar ná sjötugsaldri og 45% ná sjötugsaldri á næstu 15 árum. Til að ná að halda í við brottfall úr stéttinni mun þurfa að útskrifa um sex til sjö nýja sérfræðinga í heimilislækningum á ári næstu 10 til 15 árin. Til að mæta fólksfjölgun í landinu mun þurfa einn til tvo nýja sérfræðinga á ári til viðbótar.

Á landsbyggðinni eru um 106 stöðugildi heilsugæslulækna. Í dag er fastráðið í innan við 80 þeirra og 62 stöðugildi eru setin af 68 sérfræðingum í heimilislækningum. Því má segja að það vanti um 40 heimilislækna á landsbyggðina ef

mann á hana með sérfræðingum í faginu. Sömuleiðis er skortur á heimilislæknum á höfuðborgarsvæðinu en gera má ráð fyrir að um 15 til 20 þúsund höfuðborgarbúar séu án fasts heimilislæknis og auk þess eru sumir lækna með fleiri skráða skjólstæðinga en þeir ráða við að sinna. Ef gert er ráð fyrir að eðlilegt sé að hver heimilislæknir sinni 1.200 til 1.500 manns er skorturinn á höfuðborgarsvæðinu um 20 til 60 stöðugildi.

Ef það á að ná að halda í við brottfall úr stéttinni á næstu 10 árum og auk þess að ná að manna höfuðborgina og landsbyggðina með sérfræðingum í heimilislækningum mun þurfa allt að 18 nýja sérfræðinga á ári næstu 10 ár. Ef ná á sömu markmiðum á 15 árum mun þurfa um 15 nýja sérfræðinga á ári.

Fyrir nokkrum árum var sett upp metnaðarfullt sérnám í heimilislækningum hér á landi sem

ekki mun takast að ná að vinna upp þann mikla skort sem orðinn er á heimilislæknum.

Flestir stjórnáramenn sem að heilbrigðismálum hafa komið síðustu ár hafa rætt um mikilvægi heilsugæslunnar í heilbrigðiskerfi landsmanna og ófá loforðin hafa komið um styrkingu hennar. Hins vegar virðist svo vera að styrkingin snúi fyrst og fremst að öðrum þáttum heilsugæslunnar en þeim þar sem skörinn virkilega kreppir að, það er heilsugæslulækningunum. Aðrar meginstöðir heilsugæslunnar, svo sem ung-barnaeftirlit og mæðraovernd, eru þannig vel starfandi víðast hvar og aðgengi fullnægjandi.

Höfða þarf til unglækna að velja sér starfsvettvang innan heilsugæslunnar. Eins er mikilvægt að ná til baka þeim fullmenntuðu heimilislæknum sem hætt hafa störfum og haldið utan á síðustu árum, þó fjöldi þeirra sé ekki mikill. Ef

Til að ná að halda í við brottfall úr stéttinni mun þurfa að útskrifa um sex til sjö nýja sérfræðinga í heimilislækningum á ári næstu 10 til 15 árin. Til að mæta fólksfjölgun í landinu mun þurfa einn til tvo nýja sérfræðinga á ári til viðbótar.

hefur skilað um það bil fjórum nýjum læknum á ári síðustu ár. Í átaki sem Velferðarráðuneytið og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hafa meðal annars staðið að er nú stefnt að því að byggja upp sérnám sem miðar að því að átta lækna geti lokið námi í heimilislækningum á ári. Sérnámsáætlunin byggir á þriggja ára skipulögðum námsbrautum fyrir sérnámslækna. Svo er gert ráð fyrir að sérnámslæknarnir sækji sér menntun erlendis í þann tíma sem upp á vantar en lengd sérnámsins er að lágmarki fjögur og hálf ár. Ef þessi plön ganga eftir og þeir einstaklingar sem ljúka sérnámi skila sér allir heim að sérnámstímanum liðnum þá mun innan nokkurra ára takast að halda í við brottfall úr stéttinni en

þetta á að takast þarf að fjölga rekstrarformum heilsugæslunnar og bjóða upp á meiri fjölbreytileika en nú er gert. Þau lönd þar sem unglækna sækja sitt nám hafa að miklu leyti byggt heimilislækningarnar á sjálfstæðum rekstri heimilislækna sjálfra, svo sem Noregur og Danmörk, eða eru í vaxandi að mæli að taka það form upp í heilsugæslunni, svo sem Svíþjóð. Það er tími til kominn að Íslendingar skoði aukna fjölbreytni í rekstri heilsugæslulækninga í von um að nýliðun glæðist, að framþróun verði í faginu, að aðgengi að þjónustunni verði betra og hver Íslendingur eignist sinn fasta heimilislækni sem hefur tíma og getu til að sinna honum varðandi forvarnir og meðhöndlun sjúkdóma.

Fyrnist 31. maí 2012.  
Gildir til 30/4 eða meðan birgdir endast.

**50% AFSLÁTTUR**  
2mg - 2.662kr. - 5.324kr.  
4mg - 3.723kr. - 7.446kr.  
210 STK. PAKKNINGAR

**Lækkaðu lyfjakostnaðinn**

SUÐURLANDSBRAUT 22  
SÍMI 533 6100  
LYFJAVER.IS

**LYFJAVER**

Opíð mán.-fös 8.30-18 og lau 10-14 APÓTEK + LYFJASKÜMMTUN



Spennandi húsnæði til sölu eða leigu



# Viltu eiga sviðið ... eða leigja það?



## Andrews-leikhúsið

Hið sögufræga Andrews-leikhús er til sölu eða leigu. Húsið var áður kvikmyndasýningar-salur Nató, en byggingin var endurnýjuð árið 2010. Salurinn tekur 499 í sæti og sviðið er 100 m<sup>2</sup>. Myndvarpi, tjald og gott hljóðkerfi er til staðar fyrir fyrirlestra. Húsnæðið hentar undir leik- eða kvikmyndasýningar, tónleika eða ráðstefnur.



## Atlantic Studios

Atlantic Studios er 4.730 m<sup>2</sup> kvikmyndaver í flugskýli sem þjónaði áður Bandaríkjaher. Kvikmyndaverið er hið stærsta á Íslandi, með 2.700 m<sup>2</sup> aðalsviði (e. soundstage) þar sem lofthæð er 9 metrar. Einnig er þjónustuaðstaða með búningsherbergjum, skrifstofum og kaffistofu. Kvikmyndin Reykjavík Whale Watching Massacre var meðal annars tekin upp í verinu.



## Banki

Húsnæðið er 292 m<sup>2</sup> og hýsti áður banka. Húsið er steinsteypt á tveimur hæðum og var byggt árið 1956. Gengið er inn á fyrstu hæð í afgreiðslu með afgreiðsluborðum. Á fyrstu hæð eru einnig tvær skrifstofur, baðherbergi og peningaskápur. Á efri hæð eru sjö skrifstofur af ýmsum stærðum ásamt baðherbergi. Húsnæðið hentar vel undir skrifstofur, verslun eða aðra þjónustu.



## Skotheld bygging

Húsnæðið hýsti áður samskiptamiðstöð Bandaríkjahers. Það var byggt árið 1997 og er tæplega 1.700 m<sup>2</sup>. Húsið er ákaflega rammbýggt, hefur eins metra þykka steypuveggi og stálhurðir sem hannaðar eru til að standast loftárásir. Lóðin er afgirt og slökkvistöð í næsta nágrenni. Húsið hentar því vel sem geymsla fyrir mikilvæg verðmæti, hvort sem þau eru stafræn eða áþreifanleg.




Ásbrú er spennandi svæði þar sem fyrrum herstöð er umbreytt í samfélag frumkvöðla, fræða og atvinnulífs. Á Ásbrú er stór háskólagarður, spennandi nám í boði hjá Keili, kvikmyndaver, heilsuþorp í fararbroddi heilsuferðamennsku, tækniþorp þar sem alþjóðlegt gagnaver er að rísa og fjöldi áhugaverðra sprotafyrirtækja. Mikil uppbygging er á svæðinu og má þar nú meðal annars finna leikskóla, grunnskóla, verslun og veitingastað.

**Þetta er einungis sýnishorn af þeim eignum sem eru til sölu eða leigu á svæðinu. Nánari upplýsingar um eignir á [www.asbru.is/fasteignir](http://www.asbru.is/fasteignir).**



Sími 425 2100 | fyrirspurnir@kadeco.is





# Hvað fæst fyrir auðæfin í Vatnsmýri?

## Skipulagsmál

**Gunnar H. Gunnarsson**  
verkfræðingur



**Örn Sigurðsson**  
arkitekt



Svarið er ekki einfalt en andvirði Vatnsmýrarlóða ríkisins mætti m.a. setja í 5 jarðgöng og nýjan flugvöll.

Verðmæti byggingarlands í Vatnsmýri er a.m.k. 210 milljarðar króna eða 40% meira en aflaverðmæti íslenskra skípa árið 2011. Ríkið á þriðjung og borgin tvo þriðju.

Samtök um betri byggð eru e.k. neytendasamtök í skipulagsmálum höfuðborgarsvæðisins. Þau beita sér fyrir þjóðarhag og leggja til grundvallar víðtæka almanna-hagsmunni við lausnir mála svo þær komi sem flestum að sem mestum notum án tillits til einka-, flokks- eða landshlutasjónarmiða.

Samtökin hafa gert athugasemdir við nýja samgönguáætlun (SGÁ) 2011-2015/2022, sem nú er til meðferðar á Alþingi. Þau benda á að ákvarðanir, sem ganga gegn þessari meginreglu réttlætis og skilvirkni beri að taka með lýðræðislegum og gagnsæjum hætti.

Samtökin benda á að höfuðborgarsamfélagið er langstærsta hagkerfi Íslands og að óskilvirkni vegna stjórnlausrar útpenslu byggðar af völdum Vatnsmýrarflugvallar í 65 ár sé þess vegna löngu farið að gæta í þjóðarhag. Að það sé sandur í girnkassanum. Þrátt fyrir einhverjar hæstu þjóðartekjur á mann í heimi árum saman skilar sá árangur sér ekki nægilega vel í pyngjur landsmanna.

Í SGÁ kemur ítrekað fram að til að ná markmiðum um bætta lýðheilsu, auknið öryggi, minni loftmengun, breyttar ferðavenjur og aukna samkeppnishæfni ólíkra samgöngumáta sé áhrifaríkast að stuðla að þéttri og blandaðri byggð. Samtök um betri byggð benda á að það verði aðeins gert með því að reisa þétta og blandaða miðborgarbyggð í Vatnsmýri.

Þróaðar þjóðir í Norðvestur-Evr-

ópu og víðar hafa áratugum saman unnið samgöngu- og borgarskipulagsáætlanir sínar í einni heild með það að markmiði að fá fram bestu hugsanlega heildarlaun fyrir sem minnst fé. Skýrasta birtingarmynd þessa er að reisa þétta og blandaða miðborgarbyggð í Vatnsmýri.

Mikilvægt er að taka upp NÚLLSÝN í vegamálum. Núllsýn miðar að því að útrýma dauðaslysum og öðrum alvarlegum umferðarslysum innan þeirra tímamarka, sem samfélagið ákveður að sé raunhæft og ásættanlegt, t.d. á 30 árum. Í núllsýn hafa þau verkefni í vegamálum forgang, sem lúta að verndun heilbrigðis og mannlífa vegfarenda.

Vegafé hvers árs til nýframkvæmda við vegi verði skipt upp þannig að 300 milljónum kr. verði árlega bætt við það fé sem fyrirhugað er í umferðaröryggisáætlun SGÁ. Því sem eftir er verði skipt þannig að 30% renni í BYGGÐAPOTT en 70% í pott sem ráðstafað er skv. NÚLLSÝN. Tekið skal fram að hlutföllin í fyrirbyggjandi tillögu að SGÁ eru þveröfug.

Samtökin benda á að NÚLLSÝN og þjóðhagsleg arðsemisröð fara að langmestu leyti saman. Tekjur ríkisins af bílaumferð eru í réttu hlutfalli við eka km. Vel yfir 50% þeirra tekna koma af umferð innan sveitarfélagamarka höfuðborgarsvæðisins. Um 70% allra alvarlegra umferðarslysa verða á SV-horninu. Það er því þjóðhagslega arðsamast að lagfæra fyrst þjóðvegakerfið á höfuðborgarsvæðinu og þar á eftir annars staðar á SV-horninu.

Mikilvægt er að ríki og sveitarfélög geri umferðaröryggisáætlanir skv. þjóðhagslegri arðsemisröð með tölusettingu markmiðum og tímasettingu fjárhags- og framkvæmdaliðum.

Sú staðreynd að sami flokkur er við völd í ríkisstjórn og í borgarstjórn Reykjavíkur mótur að sjálf-sögðu efnisfók í samgönguáætlun (SGÁ). Greinilegt er t.d. að tillaga að nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur (AR) er undir beinum áhrifum frá SGÁ.

Allt of lágt nýtingarhlutfall (NH=0,85 í stað amk 1,8) í nýju Aðalskipulagi Reykjavíkur (AR) á fyrirhugaðri byggð í Vatnsmýri er ein afleiðing þess að í SGÁ er ekki fyrirhuguð nein viðbót við aðal-

gatnakerfi höfuðborgarsvæðisins sunnan Vatnsmýrar fyrr en eftir 2023. Almannahagur skaðast af þessu því hámarks þjóðhagsleg arðsemi næst ekki. Mikilvægt er að gera Kópavogsgöng, Öskjuhlíðargöng og þverun Skerjafjarðar tímanlega til að hamlar ekki gegn eðlilegu nýtingarhlutfalli og uppbyggingarhraða í Vatnsmýri frá og með 2014.

Nýtingarauki í Vatnsmýri úr 0,85 í 1,8 mun draga úr akstri á höfuðborgarsvæðinu samanborið við jafnmikla byggð t.d. í Úlfarsárdal um allt að 20%. Þar með lækkar aksturskostnaður um allt að 1% á ári, um 2 milljarða kr. á fyrsta ári, 4 milljarða á öðru ári, 6 á þriðja ári o.s.frv. eða allt að 400 milljarða kr. uppsafnað á 20 árum.

Með hóflegri uppbyggingu í Vatnsmýri (NH=1,8) er virði lands í ríkiseigu þar a.m.k. 70 milljarðar kr. og land borgarinnar a.m.k. 140 milljarðar á verðlagi 2011. Hluttur ríkisins nægri til að gera nýjan flugvöll, t.d. á Hólmsheiði, ytra vegakerfi Vatnsmýrarbyggðar ásamt þrennum jarðgöngum á landsbyggðinni og gott betur. Lendandi yrði á Hólmsheiði í 96-98% tilvika, flugrekendur telja að 95% nægi.

Allt pólitískt upplagg í SGÁ er mjög hefðbundinn einhliða stuðningur við landsbyggðina á kostnað þjóðarhags og samfélagsins á höfuðborgarsvæðinu sbr. ummæli á bls. 24 í greinargerð með SGÁ: „... í janúar 2010 kom fram að sveitarfélög geta skipulagt hverfi án þess að taka nægjanlegt tillit til samgönguþarfa og gert síðan kröfu á ríkið um að það kosti greiðar samgöngur. Þar fari ekki saman ábyrgð á skipulagsmálum og afleiðingum þeirra varðandi samgöngur.“ Kópavogsgöng og Öskjuhlíðargöng hafa þó verið í AR í u.þ.b. 30 ár!

Ekki er eðlilegt eða ásættanlegt að skipulagsáform sveitarfélaga sæti alfarið forsendum SGÁ. Mikil samhæfing allra áætlana er að sönnu mikilvæg en þegar upp er staðið ber að nota þau vinnubrögð Vegagerðarinnar frá 2004 að taka tillit til uppbyggingaráforma í Svæðis- og aðalskipulagi á höfuðborgarsvæðinu og miða SGÁ við þá tímasettu þörf sem þar kemur fram.



Ekki er eðlilegt eða ásættanlegt að skipulagsáform sveitarfélaga sæti alfarið forsendum SGÁ.

# Happdrætti?

## Samfélagsmál

**Ásbjörn Ólafsson**  
verkfræðingur



Það er gott að stöðja verðug mál-efni og rekstur happdrætti er góð leið fyrir góðgerðarfélög að afla sér tekna. Þannig er t.d. happdrætti SÍBS hornsteinn framkvæmda á Reykjalundi og undirstaða þess að hægt er að sinna fjölmörgum öryrkjum og veita þeim atvinnu við hæfi. Það sama gildir um flest önnur happdrætti. Þau eru mikilvægur þáttur í rekstri félaganna. Til að fólk hafi áhuga á að kaupa happdrættismiða eru vinningar sem auka líkur á að fólk kaupi miða ef þeir eru spennandi.

Ég vil halda því fram að kominn sé tími á að endurskoða vinningaskrár stærstu happdrættanna. Stærstu vinningarnir hjá Blindrafélaginu, Gigtarfélaginu, Styrktarfélagi lamaðra og fatlaðra, Húsnæðisfélagi SEM, Styrktarfélagi vangefinna og Sjálfsbjörg eru allt bílar og það sama gildir um DAS þó að þann vinning megi að visu einnig leysa út sem pening. Það er einungis í hausthappdrætti Félags heyrnarlausra sem fyrsti vinningur er ekki bíll, en það er 3D sjónvarp að verðmæti 1,1 milljón. Fyrstu tveir vinningarnir í síðasta happdrætti Bandalags íslenska skáta á árinu 1995 voru einnig bílar en happdrættismiðarnir voru að visu einungis sendir til bíleigenda og markmiðið var að stuðla að auknu öryggi barna í umferðinni.

Vinningarnir í stóru vöruhappdrættinum sem koma þar á eftir eru fleiri bílar, inneign á bíla, ferðavinningar, sjónvörp og tölvur. Minnstu vinningarnir eru vörúttektir. Ekki mjög lýðheilsuvænir vinningar nema e.t.v. ferða-

vinningarnir (ef þeir eru ekki nýttir í óhófleg sólböð) og myndavél sem var í hausthappdrætti Félags heyrnarlausra. Eitt happdrættið býður meira að segja upp á bensínúttektir. Hver vill ekki eignast nýjan bíl mætti spyrja sig. En er bíll góður happdrættisvinningur? Samkvæmt FÍB kostar rekstur 2,7 milljóna króna bíls sem ekið er 15 þúsund kílómetra á ári og eyðir 8 lítrum á hundradið tæplega 1,1 milljón á ári og hafði þá hækkað um 7,87% á milli ára.

Hvernig væri nú að fara að breyta vinningaskránni? Nýtt hjól kostar tæplega 100 þúsund kall og 9 mánaða kort í strætó 42.500. Það gæti líka verið árskort í sund eða líkamsræktarstöðvar eða einhvers konar gjafabréf á þjónustu, t.d. hárgreiðslu eða nudd og fjölga frekar vinningunum! Það eru ljón í veginum. Þannig stendur í lögum um happdrætti DAS: „Dvalarheimili aldraðra sjómanna í Reykjavík og Hafnarfirði, skammtastað D.A.S., er heimilt að reka flokkahappdrætti um bifreiðir, bifhjóla, báta, búnaðarvélar, íbúðarhús og einstakar íbúðir, húsbúnað, hljóðfæri, búpening, flugvélar og far-

miða til ferðalaga, svo og símahappdrætti um bifreiðir og húsbúnað.“ Það er bundið í lög hvað vinningaskráin megi innihalda, jafn furðulegt og það nú er. Lög eru samt ekkert lögmál. Þeim þarf bara að breyta ef þau eru úrelt. Fyrst ég er á annað borð að fjalla um happdrætti vil ég líka fækka tölunum í lottóinu. Í dag eru dregnir 5 kúlur af 40 og að jafnaði þarf að spila í um 12 þúsund ár til fá 5 tölur réttar. Ef við fækkuðum tölunum í 31 tæki það ekki nema 3.300 ár og ef við drægjum bara 4 tölur af 31 tæki það einungis 600 ár. Hættum þessari ofuráherslu á ofurvinninga. Leyfum fleiri að vinna í happdrætti. Við græðum öll á því, líka góðgerðarfélögin.



Það er bundið í lög hvað vinningaskráin megi innihalda jafn furðulegt og það nú er.

# Aðgengi óskast

## Samfélagsmál

**Sigrún A. Þorsteinsdóttir**  
ferlimálafulltrúi hjá Öryrkjabandalagi Íslands



Fötlun setur vissulega mörgum skorður við að sinna sjálf-sögðum þáttum daglegs lífs, svo sem við að sinna atvinnu, námi og félagslífi. Á árum áður var algengara að fatlað fólk byggi við vissa einangrun vegna sinnar fötlunar, sem stafaði oft af hindrunum í samfélaginu og erfiðleikum við að komast á milli staða. Umhverfið gerði hreinlega ekki ráð fyrir fötlodu fólki.

Ein af meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er að fatlað fólk geti tekið fullan þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Í níundu grein samningsins segir að leitast skuli við að tryggja fötludu fólki aðgang að hinu efnislega umhverfi, samgöngum, upplýsingum, samskiptum, aðstöðu og þjónustu sem almennig er látin í té. Gera skuli ráðstafanir sem meðal annars felast í því að ryðja úr vega hindrunum sem hefta aðgengi í hinu manngerða umhverfi.

Ný byggingarreglugerð sem undirrituð var fyrir skemmstu byggir á lögum um mannvirki sem samþykkt voru í lok árs 2010. Eitt af markmiðum reglugerðarinnar og laganna er að tryggja aðgengi fyrir alla. Í því felst að fólk sé ekki mismunad um aðgengi og almenna notkun á mannvirkjum á grundvelli fötlunar, skerðingar eða veikinda. Um leið er gert ráð fyrir að fatlað fólk geti komist inn

og út úr mannvirkjum á öruggan hátt, líka þegar hætta steðjar að svo sem við bruna.

Algild hönnun er hugtak sem lýsir þeirri hugmyndafræði að hið manngerða umhverfi, þjónusta, áætlanir og framleiðsluvörur séu þannig gerð að hún henti öllum, án þess þó að útiloka hjálpartæki fyrir fatlað fólk sé þeirra þörf. Samkvæmt byggingarreglugerðinni skal ávallt leitast við að beita algildri hönnun þannig að byggingar og lóðir þeirra séu aðgengilegar öllum án sérstakrar aðstoðar.

Gott aðgengi kemur sér vel fyrir alla og er ein af lykilforsendum þess að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, hvort sem um er að ræða fatlað fólk, ófatlað, fólk með barnavagna, þungaðar konur eða eldri borgara. Öll getum við lent í því einhvern tímann yfir ævina að hlutir sem áður þóttu sjálfsagðir reynast okkur meiri hindrun en áður.

Gera má ráð fyrir því að um 10% Íslendinga á aldrinum 18-66 ára búi við einhvers konar fatlanir eða um 31 þúsund manns. Við það bætist að margir eldri borgarar búa við ýmsar hamlanir þrátt fyrir góða heilsu og fer sá hópur sístækkandi. Það er því mikilvægt að huga að aðgengi fyrir ólíka hópa þegar kemur að byggingu nýrra mannvirkja. Nýja byggingarreglugerðin tekur sérstakt tillit til ólíkra hópa með mismunandi þarfir fyrir aðgengi. Bætt aðgengi að mannvirkjum gerir það að verkum að líkamlegt ásigkomulag muni síður setja hömlur á daglegt líf og búsetu fólks.

Nýrri byggingarreglugerð ber að fagna þar sem hún boðar bætt aðgengi fyrir alla og verður það seint ofmetið.

# Öryggi barna í bílum

## Samfélagsmál

**Sigrún A. Þorsteinsdóttir**  
forvarnafulltrúi VÍS



Í ár stendur Barnaheill fyrir Heillakeðju barna í samstarfi við 12 íslensk fyrirtæki og skipta fyrirtækin sér niður eftir mánuðum. VÍS vinnur með Barnaheillum í aprílmánuði og hefur verið ákveðið að leggja áherslu á tvennt; að safna fé til styrktar Barnaheillum og að kynna 3. grein barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Greinin fjallar um að allar ákvarðanir er varða börn skulu byggðar á því sem börnum er fyrir bestu. Að lög og reglur séu settar sem tryggja börnum þá vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst og að stofnanir og aðrir þeir sem annast börn uppfylli reglur sem stjórnvöld hafa sett og þá sérstaklega um öryggi, heilsuvernd, fjölda og hæfni starfsmanna.

Stór þáttur sem hefur áhrif á velferð barna er öryggi þeirra í bílum. Þar er hlutverk stjórnvalda að tryggja að ekki sé fluttur inn búnaður og seldur hér á landi sem uppfyllir ekki öryggisstaðla.

Lögreglan hefur síðan eftirlits-hlutverkið að fylgjast með því að forráðamenn tryggi öryggi barna sinna með réttum búnaði.

Bílbelti eru gerð fyrir einstakling sem er orðinn 36 kíló. Fram að þeim tíma verður barnið að vera í sérstökum öryggisbúnaði í samræmi við þyngd þess. Könnun hefur verið gerð um allt land síðustu 16 ár á öryggisbúnaði barna í bílum þegar þau koma í leikskólann. Á síðasta ári voru 2% barnanna sem komu í leikskólann í fylgd með forráðamanni laus í bílum og 6% barnanna voru eingöngu í bílbelti. Leikskólabörn á alls ekki setja í bílbelti eingöngu þar sem þau hafa ekki náð þeirri þyngd sem bílbeltið er gert fyrir. Það er ekki fyrr en þau fara að nálgast miðstigið í grunnskólanum sem þau ná þeirri þyngd.

Úrval barnabílstóla er mikið og mörgum reynist valið erfið. Mikilvægt er að kynna sér vel hvað er í boði. Það þarf a.m.k. þrjár tegundir barnabílstóla til að tryggja öryggi barnsins þar til það fer að nota bílbeltið eingöngu. Finna þarf stól sem hentar þyngd barnsins, ganga úr skugga um að stóllinn passi í bílinn og festa hann í einu og öllu samkvæmt þeim leiðbeiningum sem fylgja.



Á síðasta ári voru 2% barnanna sem komu í leikskólann í fylgd með forráðamanni laus í bílum...

Fyrsti bílstóllinn, eða ungbarnabílstóllinn, er ávallt bakvísandi. Örugast er að hafa næsta stól á eftir líka bakvísandi en rannsóknir sýna að börn eru betur varin í bakvísandi stól alveg fram að þriggja til fjögurra ára aldri. Margir forráðamenn skipta of snemma um bílstól fyrir barnið, þ.e. áður en það hefur náð þeirri þyngd sem næsti stóll er ætlaður fyrir. Í flestum tilfellum er best að skipta ekki um stól fyrr en barnið hefur náð þeirri þyngd sem stóllinn er gefinn upp fyrir. Bílbelti á barnið eingöngu að nota þegar það hefur náð 36 kílóa þyngd og þar skiptir öllu að for-eldrar láti ekki undan þrýstingi barnanna enda eru það þeir sem ættu að hafa þekkingu á því hvað réttur og góður öryggisbúnaður skiptir miklu máli fyrir alla í fjölskyldunni. Aldrei á að veita afslátt af öryggi barna okkar.



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## PÁSKASKRAUT

Gaman er að skreyta með greinum um páska. Greinar má klippa af birki, ösp og víði og setja í vasa. Á greinarnar má síðan hengja fallegt páskaskraut og lifga þannig upp á heimilið.

### GEZE

## Fyrirtæki - Húsfélög

Við bjóðum upp á sjálfvirkan hurðaopnunar búnað ásamt uppsetningu og viðhaldi.

Auðveldar aðgengi, hentar vel fyrir aðgengi fatlaðra. Áratuga reynsla af búnaði tryggir gæðin.



### JARN&GLER

Járn & Gler hf. Skútuvogur 1h. Barkarvogsmegin - 104 Reykjavík. S: 58 58 900 www.jarngler.is

## JEPPARAFAGEYMAR

Er bíllinn tilbúinn fyrir ferðalagið?



Öflugir **TUDOR** High Tech rafgeymar fyrir jeppa.

- 100 Ah, 850 Amper
- 30% meiri ræsikraftur
- Alveg lokaðir og viðhaldsfrír
- Örugg ræsing í miklum kulda
- Sýna hleðslu: Fullhlaðinn, hálfur eða tómur
- Góðir fyrir jeppa með miklum auka rafbúnaði

Mikið úrval • Taust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

### SKORRI

SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



### HANDUNNIÐ

Anna Þórunn Hauksdóttir vöruhönnuður frumsýndi tvær nýjar vörur á Hönnunarmars. MYND/ANTON

## NOSTALGÍA ÆSKUÁRANNA

**FJÖLSKYLDA** Anna Þórunn Hauksdóttir vöruhönnuður frumsýndi handrennda kertastjaka úr birki og postulínsskál á nýliðnum Hönnunarmars.

Ég hef geymt heilmikið af leikföngum frá því ég var stelpa því þeim fylgja góðar minningar. Mig langaði til að hafa þau uppi við en þau passa hvergi. Með kertastjökunum er ég að færa þessa nostalgíu nær mér," útskýrir Anna en kertastjakarnir Fjölskylda, sem hún frumsýndi á Hönnunarmars, sækja form sín til gamalla leikfangakarla. Stjakarnir eru handrenndir úr íslensku birki og verða fljótlega fáanlegir í Epal og víðar, þangað til fást þeir í gegnum heimasíðuna www.annathorunn.is. Stjakarnir eru í fjórum litum og í fjórum mismunandi formum og saman mynda þeir litríka fjölskyldu.

Ég valdi svart og hvítt og bætti svo við bláa litnum inn til að poppa þá aðeins upp. Í framhaldinu ætla ég að bæta við litaflóruna en formin munu halda sér. Ég sá fyrir mér að hægt væri að safna stjökunum eins og sinni eigin fjölskyldu en samsetningar fjölskyldna er eins fjölbreyttar og þær eru margar."

Auk stjakanna frumsýndi Anna einnig postulínsskálina Feed me en hugmyndina að henni fékk hún þegar hún var að horfa á fréttirnar. „Ég sá litla frétt um krummafjölskyldu í hreiðurgerð í Reykjavík. Myndin af ungunum með opna goggana rann svo saman við aðra mynd, pappírsgogginn, sem mörg okkar léku sér með í æsku og úr varð nytjavara," útskýrir Anna.


Hún er ánægð með nýliðinn Hönnunarmars sem hún segir hrista hönnunarsamfélagið saman og vekja athygli á því sem hönnuðir eru að fást við. Þá sé mikill fengur að fá erlenda blaðamenn á hátíðina. „Það hafa nokkrir blaðamenn haft samband við mig eftir Hönnunarmars. Bæði vegna nýju varanna en líka eldri vara, sem er mjög gaman. Mig dreymir auðvitað um að komast út fyrir landsteinana með vörurnar.“ ■ rat



**FJÖLSKYLDA** Handrenndir kertastjakar úr íslensku birki.



**FJALL** Þúði eftir Önnu Þórunni frá 2007.



10.000 kr. vöruúttekt fylgir öllum fermingarrúmum



12 mánaða vaxtalausar greiðslur\*

\*3,5% lántökugjald

## Fermingartilboð

Gerið **GÆÐA-** og verðsamanburð

### VALHÖLL Ný hönnun

5 svæðaskipt gormakerfi, gæðabólstrun, stál kantstyrkingar

Stærð Verð Tilboð  
120x200 84.900 kr. 79.900 kr.

Verð með íslenskum botni og fótum

Svefn & heilsa



Listhúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00





## BÍLAR & FARATÆKI

**bilfang.is**  
S. 567 2000



20 manna rúta! Iveco Daillí 20 manna rúta 06/2008 ek 128 þ.km Guide kerfi og hjóðkerfi verð 6.9 mil ath skipti (eftir lokun 8966228 Gunnar)



Audi Q7 Quattro 4.2 Premium 05/2007 ek 73 þ.km 7 manna, Rosalega flottur sportjeppi með leðri glerpaki of verð 6.4 mil ath skipti



Honda CR-V Elegance 06/2011 ek 22 þ.km sjálfskiptur verð 4980 þús (eftir lokun 864-8989)

**Bílasalan Bilfang**  
Malarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 567 2000  
www.bilfang.is



TOYOTA PREVIA 7 MANNA 04/2001, ekinn 211 þ.km, sjálfskiptur. Verð 1.250.000. Raðnr.284222 - Billinn verður á staðnum

**Bílalind**  
Funahöfði 1, 110 Reykjavík  
Sími: 5808900  
Hlökkum til að sjá þig :)  
www.bilalind.is



**KRÓKUR**  
Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**  
Sími: 522 4600  
http://www.krokur.net



TOYOTA LAND CRUISER 120 VX 33" 8 MANNA 05/2007, ekinn 107 þ.km, dísel, sjálfskiptur. Tilboðsverð 5.690.000. Raðnr.321994 - Jeppinn er á staðnum!

**Bílalind**  
Funahöfði 1, 110 Reykjavík  
Sími: 5808900  
Hlökkum til að sjá þig :)  
www.bilalind.is



SKODA Octavia tdi 4x4 . Nýr bill, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.100.000. Rnr.102796.

**Bíla kaup**  
Korputorgi, 112 Reykjavík  
Sími: 577 1111  
http://www.bilakaup.com



TOYOTA RAV4 Árgærd 2006, ekinn 90 þ.km. Sjálfskiptur. Verð 2.690.000. SKIPTI Á SENDIBÍL. Rnr.103154.

**bifreiðar.is**  
Réttarháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 577 4777  
Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.  
http://www.bifreiðar.is



BMW F650GS, 800cc. Árg '08, ek 49 þ.km. Ásett 1.790 þús, Áhv. lán 1.030 þús. Sérstakt tilboðsverð 1.490 þús!!! #153232

**hjól.is**  
Sími: 577 4565  
www.hjol.is



KIA PICANTO LX 11/2006, 5 dyra, ekinn 46 þ.km, 5 gíra. TILBOÐSVERÐ 990.000, gott lán! Raðnr. 270805 - Eyðir litlu af dyru bensini!



JEEP GRAND CHEROKEE NEW STYLE Árgærd 2011, ekinn 4 þ.km, sjálfskiptur, leður, 20" felgur ofl. Verð 10.490.000, skoðar skipti! Raðnr. 117475 - Einstakur bill!

**Höfðahöllin**  
Tangabryggja 14-16, 112 Rvk.  
Sími: 567 4840  
www.hofdahollin.is



VOLVO V70 SE+ AWD. Árg6/2005, ek 81 þ.km, bensín, sjálfsk, Leður, Dolby hljómkarfi, Bakksk, omfl, Flottur bill, Ásett verð 2.890þ.kr Rnr.117419.Er á staðnum í dag,



ARCTIC CAT F8 Sno Pro . Árg 2007, ek 6 þ.km, 800cc, 144hó, 264kg. Sleðinn litur mjög vel út, í topp standi og með neglt belti, Ásett verð 890.000. Rnr.140587. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16.  
www.100bilar.is

## Bílar til sölu



**Toyota RAV4**  
Árgærd 2003, bensín  
Ekinn 102.000 km, beinsk.  
1.090.000,-



**VW Caddy EcoFuel 2,0**  
Árg. 2007, bensín/metan  
Ekinn 111.000 km, beinsk.  
1.450.000,-



**Skoda Fabia 1,2**  
Classic Árg. 2006, bensín  
Ekinn 81.000 km, beinsk.  
930.000,-



Laugavegi 174 - S. 5905040  
heklanotadirbilar.is



Bjóðum hátækni búnað frá Bigas International srl, einum þekktasta framleiðanda á gas búnaði fyrir bifreiðar í Evrópu. Leitið tilboða í búnað og ísetningu - sparið með MetanLán til allt að 48 mánaða. velras.is



## 0-250 þús.



**TILBOÐ 250 ÞÚS!!!**  
RENAULT LAGUNA 1,6 16v árg'98 ek.165 þús,5 gíra beinsk.5 dyra með stóru rúmgóðu skotti,eyðir litlu um 7 ltr, skoðaður 13 verð 380 þús TILBOÐ 250 ÞÚS stgr! s.841 8955

## 250-499 þús.



**Tilboð 390 þús!**  
Passat '98 5gíra, bsk, EK. 226þús. Nýskoðaður 2013. Dráttarkrókur og heilsársdekk. Uppl. í s. 659 3459.



**Honda Accord - mjög lítið keyrður Verð 390þús.**  
Gott eintak af Honda S/D 2,0 LSI, grænn árg. '95, sjálfsk. ekinn aðeins 123 þús. km. skoðaður 08/11, vetrardekk +sumardekk á felgum fylgja. Sölluá. Krókur. Verð 390 þús. Uppl. í síma 896-0747.



**Tilboð 390 þús!**  
Suzuki station 4x4 árg '98, EK 156þ. Nýleg tímareim, ný nagladekk, sk 2013. 5 gíra. Verð 390þús. Uppl í 659 3459

Nissan Almera sjálfskiptur '00 ekinn ekinn 118þ. km ný skoðaður. Fáest á aðeins 340.000 stgr. Uppl. í síma 897 0446

Ford Focus árg.99. ek 150þ.Ný tímareim ný skoðaður margt nýtt. uppl,ís 8979252. V 480þ.

HYUNDAI ACCENT - Árgærd 1999 2 dyra ekinn aðeins 107 þ.km. Ásett verð 350 þús, Uppl. í s: 824-6464

## 500-999 þús.

Opel Vectra 2003 Ekinn aðeins 107.000 km. Aðeins 2 eigendur. Verð kr. 1.090.000.- TILBOÐSVERÐ kr.790.000.- S:898 0727 (Runa)

## Bílar óskast

Nissan Primera árg. 01 óskast í varahluti. S. 899 2742

## Sendibílar



Ódýr sendibílaþjónusta www.keyrsla.is S:820-3880 Heimsendingar frá 2900kr



Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Frábært verð!  
Arctic Trucks - sími 540 4900  
arctictrucks.is/motorsport

## Fjór hjól



Gerum við allar tegundir fjór hjóla  
**HAFÐU SAMBAND!**  
arctictrucks.is - sími 540 4900

## Vélsleðar



Polaris Dragon 700. Ek: 2800km. Belti 136t-44mm, neglt+studdar,Rafstart, Bakkgrj, Brúsagrindur, Farangursgrind, Töskur, GPS tengi, Handahlífar. Auka reim. Hiti í þumal+handföngum, Stíllanlegir demparar, Nýr rafgeymir, Rifarar. Stór hjól aftan. Auka ljós. Yfirfarinn af Storm á hverju ári. V. 990.000 kr. S.693-0802

## Kerrur



Brenderup 1205S Innanmál: 203x116x35cm - Burðargeta: 600kg - Dekk: 13" - Verð kr. 180.000 m/VSK - Lyfta.is - 421 4037 - www.lyfta.is

## Hjólhýsi



**Höfum til afgreiðslu strax ný Hobby hjólhýsi Hobby 560 KMFE nýtt 2012 módel. Með markísu, stórum ísskáp, hjónarúmi, 2 kojum o.fl. Verð 4.360.000. Hobby 540 UFE nýtt 2012 módel. Með markísu, stórum ísskáp, hjónarúmi o.fl. Verð 4.090.000. Get útvegað ný og notuð hjólhýsi af öllum stærðum og gerðum. Upplýsingar gefur Bóas í síma 7775007, netfang: b1.is Bílasala Austurlands, Egilsstöðum**

## Vinnuvélar



Allir varahlutir og þjónusta fyrir  
**JCB**  
vinnuvélar  
Sími 527-2600  
www.Velavit.is

## Lyftarar



**Körfubílaaleigan.**  
Ódýr og góð þjónusta. Vinnuhæð 32 metrar. S. 893 3573.

## Bátar



Smiðum álhurðar í báta stórar sem smáa. Skoðuðu heimasíðuna okkar algluggar.is Hafðu samband og fáðu tilboð. S. 557 5757.



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson Löggttur fasteignasali Sími 897 8266 | Sigurður Samúelsson Löggttur fasteignasali Sími 896 2312 | Bergur Steingrímsson Löggttur fasteignasali Sími 896 6751 | Sveinn Eyland Löggttur fasteignasali Sími 690 0820 | Þórarinn Thorarensen Sölufttrúi Sími 770 0309 | Kristberg Snjólfsson Sölufttrúi Sími 892 1531 | Eggert Maríuson Sölufttrúi Sími 690 1472 | Friðbert Bragason Sölufttrúi Sími 820 6022

## Við erum Landmark\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannaði sem veitir afburðaðþjónustu! Fjórir löggiltir fasteignasalar. Áralöng reynsla.



Rúnar Gíslason  
Lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN **BÆR**  
www.fasteignasalan.is

## Vantar allar gerðir eigna á skrá

Söluverðmetum eign þína þér að kostnaðarlausu

Sími 824 7772



Auður Kristinsdóttir  
Sölufttrúi

audur@fasteignasalan.is

Auður Kristinsdóttir

## Einbýli í rólegri götu

Valhöll er með á skrá einbýlishús við Tunguás 6.

Húsið er á einni hæð og með tvöföldum bílskúr. Forstofa er með flísalögðu gólfi og er hiti í því. Parketlagt og rúmgott svefnherbergi er við hlið forstofu. Stofa er parketlögð, búin arni og með góðri lofthæð. Eldhús og borðstofa eru samliggjandi við stofu. Í eldhúsi er vönduð innrétting, eyja með vaski, helluborð, háfur og steinflisar á gólfi. Tvöföld hurð er úr eldhúsi og á verönd.

Við herbergjagang er gestasalerni með innréttingu, sturtuklefa og vegghengdu salerni. Parketlagt barnaherbergi er við ganginn. Rúmgott hjónaherbergi og inn af því baðherbergi búið innréttingu, nuddbaðkari, sturtuklefa og vegghengdu salerni. Þvottaherbergi er búið innréttingu. Þaðan er útgengt út í garð og inn í bílskúr. Bílskúr er tvöfaldur, flísalagður og búinn tveimur fjarstýrðum húsum. Garður með stórum veröndum, skjólvegg, palli og heitum potti fylgir.



Húsið er á einni hæð og með tvöföldum bílskúr.



Eldhúsið er rúmgott og bjart.

## heimili FASTEIGNASALA



Bogi Pétursson lögg. fasteignasali | Finnþogi Hilmarrson lögg. fasteignasali | Andri Sigurðsson sölufttrúi Sími 896 6751 | Gústaf Adolf Björnsson lögg. fasteignasali | Anna Svala Árnadóttir sölufttrúi | Ruth Einaradóttir sölufttrúi | Ásdís Irena Sigurðardóttir skjalagerð



Finndu okkur á Facebook



Lækjasmári 84 - **Opið hús þriðjudag.** Rúmgóð 82 fm 2ja herb. íbúð á jarðhæð. Þvottahús og geymsla innan íbúðar. Afgirtur sólpallur. Góð staðsetning við gott útivistarsvæði. 95% yfirtaka ÍLS. Til sýnis á morgun frá kl 17:30-18:00



Barðastaðir - vandað einbýli. Mjög vandað einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 38,3 fm bílskúr. 3-4 svefnherberg. Góð staðsetning. Sólstofa og vandaðar innréttingar. Möguleg makaskipti á íbúð í og við miðbæinn.



Grundartangi Mos- raðhús Mikíð endurbætt 80 fm endaraðhús á einni hæð. Tvö góð svefnherbergi. Sérgarður í suðvestri. Húsið endurbætt 2007 og er í góðu ástandi. V. 25,9 m.



Andrésbrunnur - 4 herb. jarðhæð. Góð vönduð 111 fm íbúð á jarðhæð. Afgirtur sólpallur í sérgarði. Vandaðar innréttingar og gólfefni. V. 27,9 m.



Hvassaleiti - 60 ára og eldri Vönduð 2ja herb 76 fm íbúð á 4 hæð í lyftuhúsi. Hús sameign og íbúð í góðu ástandi. Mikil þjónusta í boði fyrir íbúa hússins. V. 25,6m.



Tunguvegur - raðhús Vel skipulagt um 130 fm raðhús á þremur hæðum. Endurnýjað, hús nýlega viðgert o.fl. Möguleiki á 4-5 svefnherb. Góður sólpallur í suður í sérgarði. V. 29,0 m.



Hávegur - einbýli á einni hæð. Mikíð endurnýjað 136 fm einbýlishús á einni hæð ásamt 61,2 fm bílskúr við Háveg í Kópavogi. Gróinn og fallegur garður í mikilli rækt. V 46,9 m.



Melabraut - Aðeins ein íbúð eftir.. Um er að ræða 4ra herbergja íbúð á neðri hæð með sérinnangi í nýju fjórbylshúsi í grónu hverfi við Melabraut Seltjarnarnesi. Eignin afhendist fullbúin að utan sem innan en án gólfefna. V 39,5 m.



Víðimelur- 2ja herb hæð Mjög góð 2ja herb 60 fm miðhæð í þrjúbylshúsi. Mikíð endurbætt, góðar svalir og sólpallur í suður. V. 21,9 m. áhv. 18,2 íls.



Laugarnesvegur - 2ja herb Vönduð 87 fm íbúð í nýlegu lyftuhúsi. Íbúðin er á 4. hæð með flísalagðar yfirbyggðar suðaustur svalir. Sérinnangangur er af svölum og meðfylgandi staði í bílskylti.



Einbýli á Blönduósi. Höfum til sölu reisulegt einbýli við Húnabraut á Blönduósi. Húsið er um 290 fm og staðsett í hjarta bæjarins. Húsið þarfnast lagfæringa. V. 20,5 milljónir.



Perlukór - 4ra herbergja. Mjög falleg og rúmgóð 172 fm 4ra herbergja íbúð á annarri hæð ásamt staði í bilageymslu í fallegu nýlegu 2ja hæða litlu fjölbylshúsi við Perlukór í Kópavogi. V 43,9 m. Áhv. 33,5 m. óverðtr. lán.



Lækjargata Hfj - 2-3ja herb. Góð nýleg 75 fm íbúð á 2. hæð í lyftuhúsi. Tvö góð herbergi. Vandaðar innréttingar og gólfefni. V. 21,9 m. Áhv 18,5 m.



Við leitum að : - 100 fm íbúð í þingholtunum - 3ja - 4ra herb íbúð í seljahverfi - 4ra herb íbúðum í bökkunum - 3ja herb í smárahverfi Allar upplýsingar hjá söluönnum.





## Hrólfsskálamelur – Seltjarnarnesi



## Glæsilegt fjölbýlishús. Einstök staðsetning

Glæsilegar lúxusíbúðir í nýju þriggja hæða lyftuhúsi. Íbúðirnar eru afar vandaðar og er mikið lagt í hönnun, efnisval, búnað og frágang. Stærðir eru frá 84 fm. upp í 225 fm. og afhendast þær fullbúnar án gólfefna. Eitt til þrjú bílastæði fylgja hverri íbúð.

Sölumenn Fasteignamarkaðarins sýna.  
Sjá nánari skilalýsingu á [www.fastmark.is](http://www.fastmark.is)

### SÉRBÝLI

#### Kringlan – endaraðhús



Fallegt og vel skipulagt 174,9 fm. endaraðhús auk 24,8 fm. bílskúrs við Kringluna. Stórar samliggjandi stofur með arni, rúmgott eldhús með miklum innréttingum og stóri eyju, sjónvarpsstofa/herbergi með útgangi á svalir til vesturs og 3 rúmgóð herbergi auk fataherb./vinnuherb. Innaf hjónaherbergi. **Afgirt og skjólgóð lóð með stóri verönd.** Verð 56,9 millj.

#### Hverafold 120 Einbýlishús með aukaíbúð



Reisulegt 275,5 fm einbýlishús á tveimur hæðum með 3ja herb. aukaíbúð á jarðhæð, innbyggðum bílskúr og stórum velheppnuðum suður garði. Húsið er vel viðhaldið og bíður upp á mikla möguleika. Stofur með mikilli lofthæð og útgengi á suðursvalir, eldhús með sérhannaðri innréttingu og 4 herbergu auk séríbúðar á neðri hæð. Stutt í alla þjónustu, skóla og leikskóla. Verð 74,9 millj.

**Eignin verður til sýnis í dag. Verið velkomin.**

#### Arnarás – Garðabæ. 4ra herbergja efri sérhæð



Glæsileg 111,9 fm. efri sérhæð á útsýnisstað í Ásahverfinu. Íbúðin er endaíbúð með gluggum í þrjár áttir. Stórar svalir til suðurs og frábært útsýni út á sjóinn, yfir borgina og víðar. Samliggjandi rúmgóðar stofur, tvö rúmgóð herbergi. Eldhús með vönduðum innréttingum úr kirsuberjaviði. **Híti í tröppum upp að íbúðinni.** Verð 33,9 millj.



#### Egilsgata

142,0 fm. endaraðhús auk 24,3 fm. bílskúrs miðsvæðis í Reykjavík. Eignin er tvær hæðir og kjallari og þarfnast gagnerru endurbóta. Kjallarinn er óinnréttaður, en auðvelt væri að gera sér íbúð í þar. **Á hæðunum eru m.a. gangur með útgangi á suðursvalir, 3 herbergi, rúmgóð stofa og eldhúsi.** Verð 34,9 millj.



#### Bollagarðar - Seltjarnarnesi

Fallegt og vel skipulagt 212,5 fm. raðhús, tvær hæðir og ris, að meðtöldum 20,4 fm. bílskúr á þessum efirsóttu stað. Eldhús með nýlegum innréttingum. Stofa/borðstofa með útgangi á verönd til suðvesturs. Rúmgott sjónvarpshol með útgangi á svalir til suðvesturs. Fjögur rúmgóð herbergi. Nýlega endurnýjað badherbergi **Híti er í innkeyrslu og stéttum fyrir framan húsi.** Verð 54,0 millj.



#### Kirkjusandur – glæsileg íbúð á efstu hæð

Glæsileg 174,3 fm. lúxusíbúð á efstu hæð auk 32,6 fm. sér geymslu í kjallara og sér stæðis í bílageymslu á útsýnisstað við sjóinn. Íbúðin er öll hin vandaðasta með tvennum svölum og ódýrfránlegu útsýni yfir borgina, til sjávar og víðar. Miklar sérsmíðaðar innréttingar. Stórar samliggjandi stofur með arni. Flíslagðar svalir. **Sameiginlegt þvottaherbergi á hæðinni.** Verð 72,9 millj.



#### Strandvegur - Sjálandi Garðabæ. 4ra herbergja útsýnisíbúð

Falleg og vel skipulögð 118,1 fm. útsýnisíbúð alveg niður við sjó auk sér stæðis í bílageymslu í kjallara. Íbúðin er 4ra herbergja skv. teikn., en stofa hefur verið stækkuð sem nemur einu herbergi. Auðvelt er að útbúa þriðja svefnherbergjið í íbúðinni ef vill. Stórar flíslagðar svalir til suðurs. Eldhús opið við stofu og með eyju. **Laus til afhendingar strax.** Verð 38,9 millj.



#### Sörlaskjól

Mjög fallegt og vel skipulagt 297,4 fm. parhús á þremur hæðum með sér 3ja herb. íbúð í kjallara. Eignin hefur verið mikið endurnýjuð á undanföllum árum á vandaðan og smekkelegan hátt. Allar innréttingar eru sérsmíðaðar, hannaðar af Yrki arkitektum. Aukin lofthæð er í rishæð. Lóð nýlega endurnýjuð. Nánari uppl. veittar á skrifstofu.



#### Breiðavík.

Glæsilegt 238,9 fm. einbýlishús á einni hæð með 37,8 fm. innbyggðum bílskúr, vel staðsett á frábærum útsýnisstað við opið svæði. Húsið er afar vandað í alla staði. Aukin lofthæð er í öllu húsinu, allt að 3,5 metrar. Allar innréttingar og innihurðir eru úr hnotu. Samliggjandi rúmgóðar stofur, hol/sjónvarpsstofa með arni, eldhús með stóri eyju og 3 herbergi. Lóð teiknuð af Stanislav Bohic. **Stórar verandir með skjólveggjum bæði norðan- og sunnanmegin við húsið.** Verð 75,0 millj.



#### Langahlíð – 4ra herb. með bílskúr.

118,2 fm. neðri sérhæð í nývígðeru húsi auk 29,1 fm. bílskúrs. Húsið var allt víðgert og steinað upp á nýtt að utan árið 2010. Sama ár var skipt um gler og glugga. Íbúðin skiptist í forstofu, hol, eldhús, 3 herbergi, stofu og badherbergi. **Svalir til vesturs út af hjónaherbergi. Laus til afhendingar við kaupsamning.** Verð 35,9 millj.



#### Víðarás

